

SKÓLAR OG MENNTUN  
Í FREMSTU RÖÐ



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



**Menntun í menningargreinum**

„Menntun í menningargreinum“ er hluti af verkefnaflokknum Skólar og menntun í fremstu röð. Hann er hluti af Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013 sem er fjármögnuð m.a. af ríkissjóði samkvæmt sérstökum samningi þar um. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annast úrvinnslu og framkvæmd sóknaráætlunarinnar og bera ábyrgð á framgangi þeirra verkefna sem falla undir hana.

Verkefnastjórn Skóla og menntunar í fremstu röð:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, formaður

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness

Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar

Björn Þráinn Þórðarson, fræðslustjóri Mosfellsbæjar

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti

Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands

Verkefnastjóri: Skúli Helgason

Útgefið af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, mars 2014.



## 1. Þróunarverkefni, símenntun og gæði kennslu

- 1.1. Grunnskólar og framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu verði hvattir til að auka samþættingu skapandi greina innbyrðis og við aðrar námsgreinar. Í þeim tilgangi muni Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) styðja við þróunarverkefni um kennslu almennra námsgreina með aðferðum listanna. Þróunarverkefni verði unnin í samstarfi sveitarfélaga.
- 1.2. Mótuð verði áætlun um aukið framboð og nýtingu símenntunar á sviði lista og skapandi greina jafnt fyrir almenna kennara, listgreinakennara og starfsmenn leikskóla og grunnskóla.
- 1.3. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu taki upp samræmd gæðaviðmið varðandi listgreinakennslu barna og ungmenna í leikskólum og grunnskólum, með hliðsjón af alþjóðlegum fyrirmyndum.

## 2. Rannsóknir og úttektir

- 2.1 Gerð verði rannsókn á kennslu í list- og verkgreinum á höfuðborgarsvæðinu, með aðstoð sérfræðinga úr háskólasamfélaginu. Þar verði safnað upplýsingum um starfs- og kennsluhætti, aðstöðu, menntun kennara, tímafjölda o.s.frv. Rannsóknin fjalli m.a. um skólagerð, áherslur í kennslu, búnað og gildi sem móta starfið. Rannsóknin miði að samræmdri framsetningu upplýsinga til að auðvelda samanburð innan svæðis og milli svæða.
- 2.2 Gerð verði úttekt á vægi skapandi greina í almennri kennaramenntun á Íslandi og mótaðar tillögur um leiðir til að auka vægi þeirra ef niðurstöður úttektar gefa tilefni til þess.
- 2.3 Framkvæmd verði úttekt á kennaramenntun í list- og verkgreinum og menntun tómstundaráðgjafa í samvinnu við kennaramenntastofnanir og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

### 3. Aukið samstarf

- 3.1. Metin verði hagkvæmni og fýsileiki þess að auka samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um listfræðikennslu.
- 3.2. Efnt verði til samstarfs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um samstarf og samhæfða nýtingu skapandi verkefna á borð við *Tónlist fyrir alla, Listamenn í skólum og Skáld í skólum*. Sveitarfélögin taki þátt í því að móta önnur álíka verkefni í fleiri listgreinum, í samstarfi við fagfólk skapandi greina. Sérstök áhersla verði lögð á að tengja slík verkefni við skipulagt skólastarf og virkni barna og ungmenna í skólum.
- 3.3. Kannað verði hvort grundvöllur sé til samstarfs innan SSH um stuðning við gerð og rekstur vefstuddra tækifæra til náms og þjálfunar á sviði tónlistar.
- 3.4. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hafi frumkvæði að því að koma á fót faglegum samstarfsvettvangi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Kennarasambands Íslands, menntavísindasviðs HÍ, mennta – og menningarmálaráðuneytis, Bandalags íslenskra listamanna og Listaháskóla Íslands um listfræðslu í skólum, samþættingu lista við kennslu almennra námsgreina og hvernig megi efla og þróa samstarf skólafólks og fagfólks í skapandi greinum.

### 4. Sýnilegri list nemenda

- 4.1. SSH hvetji leikskóla og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu til að gera list nemenda sýnilegri með sýningum, viðburðum og kynningum verka sem þeir hafa skapað í tengslum við listfræðslu í skólum á svæðinu. Markmið verði að nemendur þjálfist í að kynna, flytja, sýna og rýna í verk sín til gagns.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið lét vinna umfangsmikla úttekt á umfangi og gæðum list- og menningarfræðslu á Íslandi á árunum 2008-9. Meginniðurstaða úttektarinnar var sú að listfræðsla á Íslandi væri almennt í háum gæðaflokki á alþjóðlegan mælikvarða og nyti víðtæks stuðnings almennings, sem birtist m.a. í umtalsverðri þátttöku barna og fullorðinna í lista- og menningarstarfi, jafnt sem skapandi þátttakendur og neytendur. Á Íslandi eru nærri 86% íbúa virkir í listum og menningarstarfi, sem er einsdæmi í alþjóðlegum samanburði.<sup>1</sup> Öll börn fá einhverja listfræðslu og flest a.m.k. tvo tíma á viku. Menntunarskipti listfræðslu er góð, í flestum tilvikum er kennslan í höndum sérmenntaðra réttindakennara í sérhönnuðum kennslustofum sem að jafnaði eru vel búnar.

Í skýrslunni kom fram að íslenskt menntakerfi þroski færni og þekkingu nemenda í einstökum listgreinum, einkum sjónlistum, tónlist, handavinnu og textíl en einnig í minna mæli í dansi, leiklist, ljósmyndun og kvikmyndagerð. Það er ályktun skýrsluhöfundar, Anne Bamford, að skipulag listfræðslu á Íslandi hafi gæði að leiðarljósi, sem komi skýrt fram í því hve auðvelt flestir nemendur eigi með að vinna með mismunandi listform.

Anne Bamford leggur áherslu á að greina þurfi á milli þess sem kalla má menntun í listum (þ.e. kennslu hefðbundinna listgreina – tónlistar, leiklistar, handverks, svo dæmi séu tekin) og menntunar í gegnum listir (notkun lista eða listrænna aðferða í kennslu annarra greina, svo sem stærðfræði, læsi og í tæknigreinum). Samhliða öflugri listgreinakennslu í skólum sé mikilvægt að listrænar og skapandi aðferðir séu samþættar almennu námi og kennslu í hinum ýmsu námsgreinum. Auka þurfi áherslu á að samþætta skapandi kennsluhætti þvert á námsgreinar og svið.<sup>2</sup> Bent er á að þótt íslenskir nemendur hafi til að bera leikni og sjálfsöryggi í sinni sköpun fái þeir litla þjálfun í að kynna, lýsa og gagnrýna eigin listframleiðslu og það geti háð

<sup>1</sup> Eurostat (2007).

<sup>2</sup> Anne Bamford (2011).

<sup>3</sup> Anne Bamford (2011).

<sup>4</sup> Skýrsla um listfræðslu (2011) í síðum Tónlistarskiptisráðs Íslands.



skapandi starfi á Íslandi í framtíðinni og komið niður á samkeppnishæfni á alþjóðavettvangi. Víða í leikskólum og sérstaklega grunnskólum eru nemendur virkjaðir til þátttöku í ýmiss konar viðburðum sem tengjast listum en mikilvægt er að efla þann þátt listfræðslu í skólum sem felst í kynningum, flutningi og sýningum á verkum og sköpun nemenda.

### Tónlistarkennsla

Eitt helsta sérkenni listfræðslu á Íslandi er umfangsmikið kerfi tónlistarskóla sem sveitarfélögin fjármagna og starfar til hliðar við hið almenna skólakerfi. Sú mikla gróska sem verið hefur í íslensku tónlistarlífi undanfarna áratugi og birtist m.a. í velgengi íslenskra tónlistarmanna á erlendri grundu hefur m.a. verið rakin til öflugrar starfsemi tónlistarskóla. Í skýrslu Anne Bamford er sérstaklega hvatt til meira samstarfs tónlistarskóla og grunnskóla og rannsókna á áhrifum mismunandi kennsluaðferða og skipulags kennslu á gæði kennslu, ástundun nemenda og ánægju þeirra af náminu. Sérstaklega er hvatt til samanburðar á einkakennslu og samkennslu í hljóðfæraleik og söngkennslu. Vísað er til rannsókna frá Bretlandi sem sýna að hópkennta 8-12 ára barna skili jafngóðum eða betri árangri en einkakennsla auk þess sem hópkennta getur dregið úr kostnaði.

Tónlistarskólar eru í auknum mæli reknir í náinni samvinnu við grunnskóla, jafnvel í sama húsnæði eða á sömu lóð sem skapar mikið hagræði fyrir nemendur. Ríflega þriðjungur tónlistarskóla (36%) starfar í húsnæði í eigu grunnskóla en svipað hlutfall (38%) í eigin húsnæði.<sup>3</sup>

Sveitarfélög greiða laun tónlistarkennara og stjórnenda í þeim tónlistarskólum sem njóta opinberra framlaga. Engu að síður þurfa foreldrar að greiða umtalsverð skólagjöld í tónlistarskólum sem skólaárið 2013-14 nema um 90-130 þúsund krónum fyrir fullt nám í hljóðfæraleik í tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu. Á móti kemur að foreldrar geta ráðstafað frístundastyrk til að greiða hluta þessara gjalda.<sup>4</sup> Mikilvægt er að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu kanni hvernig draga megi úr kostnaði foreldra við

<sup>3</sup> Anne Bamford (2011).

<sup>4</sup> Skv. upplýsingum á vefsíðum Tónlistarskóla Kópavogs, Tónlistarskóla Garðabæjar, Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Listaskólanum í Mosfellsbæ auk upplýsinga frá Tónlistarskóla Seltjarnarness. Reykjavík rekur einn tónlistarskóla á Klébergi en gerir að öðru leyti þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi tónlistarskóla, alls 18 að tölu. Þar voru skólagjöld fyrir fullt nám í hljóðfæraleik að jafnaði um 130 þúsund krónur skólaárið 2013-2014. Skólagjöld í tónlistarnámi í Klébergsskóla voru 36.000 fyrir skólaárið. Foreldrar geta varið frístundastyrk til að mæta hluta af skólagjöldum.

tónlistarnám barna þeirra og tryggja að fjárhagsástæður foreldra hafi ekki áhrif á aðgang barna að tónlistarnámi eða annarri listfræðslu.

### **Gæðaviðmið í listfræðslu**

Anne Bamford leggur áherslu á það í skýrslu sinni að góð listfræðsla einkennist af tilteknu skipulagi og aðferðum í kennslu, óháð innihaldi, aðstæðum, umfangi eða aðbúnaði. Á grundvelli þessa kynnir hún til sögunnar eftirtalin gæðaviðmið sem byggð eru á alþjóðlegum fyrirmyndum.

- virk samvinna skóla og menningarstofnana eða samtaka og á milli kennara, listamanna og samfélagsins.
- dreifð ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og mati listkennslu.
- tækifæri til að koma fram opinberlega: flytja, sýna, kynna.
- samþætting listgreinakennslu og listrænnar nálgunar í námi og kennslu almennt (menntun í gegnum listir).
- hlúð sé að gagnrýnu mati, krefjandi verkefnum og hvatt til áræðni.
- áhersla á samvinnu.
- sveigjanlegt skólakerfi og sveigjanleg mörk milli skóla og milli skóla og samfélags.
- öll börn njóti og hafi aðgang að listfræðslu.
- nákvæm útfærsla á að nám, upplifanir og þroski barna sé metinn og því mati komið á framfæri með viðeigandi hætti.
- virk endur- og símenntun fyrir kennara, listamenn og almenning.

Æskilegt er að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi þessi viðmið til hliðsjónar og nýti vettvang SSH til að skilgreina sameiginleg gæðaviðmið sem lögð verði til grundvallar listfræðslu á þeirra vegum.

### **Listnám fyrir alla**

Það er grundvallarviðmið í íslensku menntakerfi að menntun sé fyrir alla og hefð er fyrir því að listfræðsla í skólum sé öllum aðgengileg. Hins vegar er umhugsunarefni að aðgangur barna með sérþarfir að listnámi utan skóla virðist ekki vera almennur. Þannig sækja börn af erlendum uppruna síður tónlistarnám en jafnaldrar þeirra og innan við helmingur tónlistarskóla (46%) veitir börnum með sérþarfir sérstaka þjónustu, þó að 72% þeirra taki við slíkum nemendum.<sup>5</sup> Þessi staðreynd styður mikilvægi þess að auka vægi lista og listfræðslu í almennu skólastarfi á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

---

<sup>5</sup> Anne Bamford (2011).



### Reykjavíkurborg

Í menningarstefnu Reykjavíkurborgar er mikil áhersla lögð á aðgang og þátttöku barna og ungmenna á sviði lista og menningar. Markvisst menningaruppeldi og öflug barnamenning er hluti af markmiðum allra menningar- og listastofnana borgarinnar. Allar starfsstöðvar Skóla- og frístundasviðs (SFS), á öllum aldurstigum, eru markvisst hvattar til þátttöku og nýtingar á þessum tækifærum. Hvatningin felst meðal annars í þeim möguleika að sækja um menningarfánann, sem er viðurkenning á markvissu lista- og menningaruppeldi á starfsstöðinni. Í öllu félagsstarfi á vegum SFS eru listir í hávegum hafðar, starfsfólk oft vel menntað á því sviði og áhugi mikill. Hið viðamikla framboð á kennslu, fræðslu og tækifærum á sviði lista- og menningartengdra verkefna fyrir börn, ungmenni og aðra íbúa sveitarfélagsins er samvinna margra aðila. Þrjú svið stjórnisýslu sveitarfélagsins hafa yfirumsjón með stærstum hluta þessa framboðs: skóla- og frístundasvið, menningar- og ferðamálasvið og íþrótt- og tómsundasvið ÍTR. Hjá skóla- og frístundasviði starfar deildarstjóri listfræðslu og verkefnisstjóri barnamenningar er sameiginlegur starfsmaður skóla- og frístundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs. Fagskrifstofa frístundar hjá SFS er í mikilli samvinnu við ÍTR um margvísleg atriði.

### Yngstu börnin (0-2 ára)

Yngstu börnin eru almennt hjá dagforeldrum eftir fæðingarorlof foreldra. Eftirlit er haft með starfi dagforeldra í Reykjavík og sér SFS um það. Dagforeldrar eru um 200 talsins og börn í vistun hjá dagforeldrum um 800.

### Fræðsla - endurmenntun

Reykjavíkurborg stendur fyrir grunnnámskeiðum fyrir dagforeldra og árlegum starfsdegi. Á þeim vettvangi er jafnan komið inn á listgreinar og þá sérstaklega tónlist. Sérfróðir leiðbeinendur hafa til dæmis kynnt bæði rannsóknir og aðferðir við notkun tónlistar með yngstu börnunum.



## Menningarþátttaka

Á Barnamenningarhátíð Reykjavíkur er reynt að hafa viðburði sem henta öllum aldurshópum barna og fengu dagforeldrar tilboð um þátttöku á síðustu hátíð og þáðu það í einhverjum mæli.

## Leikskólabörn (2-6 ára)

Leikskólabörn í Reykjavík eru um 7000 talsins á 64 leikskólum sem borgin rekur. Börnin fá mikla reynslu af listgreinum í gegnum leik og sköpun á leikskólum Reykjavíkur. Leikskólakennarar hafa um árabil verið framarlega í nýtingu sköpunar sem námsaðferðar og koma þá myndlist, leiklist og tónlist sérstaklega við sögu.

## Þátttaka

Frá upphafi hafa leikskólar verið virkir þátttakendur í Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar. Þar hafa börn bæði tekið þátt í viðburðum sem boðið hefur verið upp á, staðið fyrir viðburðum í samstarfi við listafólk auk þess sem fjölmargir leikskólar hafa opnað dyr sínar með sýningum á verkum barnanna. Megináhersla Barnamenningarhátíðarinnar er menning fyrir börn, og menning barna, og þetta hefur með samstarfi leikskólanna orðið að veruleika.

Allt árið um kring sækja leikskólar á höfuðborgarsvæðinu listasöfn, bókasöfn, tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, leikhús og aðra viðburði sem eru í boði fyrir börn á leikskólaaldri auk þess sem löng hefð er fyrir samstarfi við listamenn og leikhúshópa sem koma inn í leikskólann ýmist með sýningar fyrir börnin eða til þess að skapa sameiginlega menningu með börnum.

Þátttaka er oft mjög góð og má nefna að síðastliðið haust mættu um 1490 leikskólabörn á sýningar í Borgarleikhúsinu.<sup>6</sup> Samstarf við foreldra er starfi í leikskóla mikill styrkur. Nokkuð er um að foreldrafélög styrki þátttöku leikskóla í menningarstarfsemi og fái listamenn í leikskóla, t.d. danskennara, leikverk og fleira.

<sup>6</sup> Síðasta tölulega yfirlit um þátttöku leikskóla í menningarstarfsemi borgarinnar má finna í skýrslunni *Aukið samstarf leikskóla við listaskóla og menningarstofnanir í júní 2009*. Unnið er að talningu nú í samvinnu við leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.

## Samstarf um myndmennt

Samstarf hefur verið milli Myndlistaskóla Reykjavíkur og leikskóla frá 1999 á grundvelli þjónustusamnings sem SFS gerir við Myndlistaskólann. Tveir leikskólar hafa verið valdir til samvinnu við Myndlistaskólann á hverju ári. Verkefnið felst í því að starfsfólki leikskólanna er boðið á endurmenntunardaga í Myndlistaskólanum þar sem fræðsla um list, menningu og sköpun, efnismeðferð og hugmyndir er í fyrirrúmi. Yfir veturinn fara síðan leikskólabörnin vikulega ásamt leikskólakennurum í Myndlistaskólann og taka þar þátt í sköpun og listfræðslu. Síðastliðin þrjú ár hefur SFS haft það að markmiði að annar tveggja leikskólanna í verkefninu komi úr efri byggðum borgarinnar þaðan sem aðgangur að Myndlistaskólanum er ekki eins auðveldur og fyrir þá sem nær eru. Þetta hefur verið unnið í góðri sátt við foreldra, starfsfólk leikskólans og Myndlistaskólann. Síðastliðið ár var stutt við rekstur útibús Myndlistaskólans í Breiðholti í samvinnu við frístundamiðstöðina Miðberg og voru námskeið í boði fyrir yngri aldurshópa grunnskóla.

## Grunnskólabörn og ungmenni (6-16 ára)

Lista- og menningarstarf barna á grunnskólaaldri í Reykjavík er mjög fjölbreytt. Auk listgreinakennslu og ýmiss konar samstarfs við listamenn og hópa, heimsókna og viðburða, þá eru frístundaheimili og félagsmiðstöðvar einnig vettvangur dýrmætrar reynslu og þekkingaröflunar gegnum sköpun og þátttöku.

## Grunnskólar

Í grunnskólum borgarinnar eru listgreinar kenndar samkvæmt Aðalnámskrá. Í skýrslu um listgreinakennslu í grunnskólum Reykjavíkur (2009) kemur fram að myndmennt og textílmennnt eru í mjög sterkri stöðu miðað við þær greinar sem spurt var um.<sup>7</sup> Allir skólarnir kenndu myndmennt en dans var aðeins kenndur í 25 af 36 skólum. Samkvæmt skýrslu Félags íslenskra listdansara (FÍLD) virðist það hlutfall hafa hækkað árið 2011, en þar segir að dans sé kenndur í 29 skólum.<sup>8</sup>

<sup>7</sup> Reykjavíkurborg (2009). *Listgreinakennsla í grunnskólum Reykjavíkur*.

[http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/listgreinafr\\_sla\\_-\\_sk\\_rsla.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/listgreinafr_sla_-_sk_rsla.pdf) -

<sup>8</sup> Félag íslenskra listdansara (2011).

**Tafla 1. Fjöldi skóla og kennslugreinar**

Listgrein	Fjöldi skóla
Myndmennt	36
Textilmennt	36
Tónmennt	33
Leikræn tjáning	23
Dans	25

En þetta segir ekki allt því að misjafnt er hversu mörgum árgöngum skólans var kennt. Ekki er tekið tillit til tímamagns í þessum tölum. Taflan hér fyrir neðan sýnir svör allra 36 skólanna árið 2009 um kennslu í greinum eftir árgöngum. Aðeins var spurt um þær greinar sem nefndar eru í töflunni en þetta eru þær greinar sem eru nefndar sérstaklega í Aðalnámsskrá grunnskóla frá 1999.

**Tafla 2. Kennsla í listgreinum eftir árgöngum**

Námsgrein	1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur	5.bekkur	6.bekkur	7.bekkur	8.bekkur	9.bekkur	10.bekkur
<b>Fjöldi skóla</b>	33	33	33	33	33	33	33	26	26	26
<b>Myndmennt</b>										
Fjöldi skóla	30	33	33	33	33	33	33	25	16	16
	91%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	96%	62%	62%
<b>Textilmennt</b>										
Fjöldi skóla	23	31	30	32	32	32	33	24	12	12
	70%	94%	91%	97%	97%	97%	100%	92%	46%	46%
<b>Tónmennt</b>										
Fjöldi skóla	30	32	32	32	28	23	18	8	6	7
	91%	97%	97%	97%	85%	70%	55%	31%	23%	27%
<b>Leikræn tjáning</b>										
Fjöldi skóla	10	14	14	15	13	12	11	9	12	12
	30%	42%	42%	45%	39%	36%	33%	35%	46%	46%
<b>Dans</b>										
Fjöldi skóla	21	21	21	18	15	13	10	4	2	2
	64%	64%	64%	55%	45%	39%	30%	15%	8%	8%

Taflan sýnir kennslu í listgreinum en vert er að ítreka að allar listgreinarnar eru einnig hluti þeirra aðferða sem kennarar í öllum námsgreinum geta valið að nota í kennslu sinni. Leikræn tjáning er þannig algeng kennsluaðferð í samfélagsfræði og sögu og bæði tónlist og myndmál mikið notað í verkefnagerð almennt.

Ýmsir hafa áhyggjur af stöðu listgreinanna sjálfra í grunnskólum, bæði fagfélög og listamenn og hefur stjórn Bandalags íslenskra listamanna margítrekað áhyggjur af stöðu tónmenntar, bæði hvað varðar magn og gæði. Síminnkandi

hlutur listgreina í menntun kennara og minnkandi aðsókn í námið veldur einnig áhyggjum.

Rétt er að taka fram að mun fleiri listgreinar eru kenndar í grunnskólum borgarinnar, þar á meðal kvikmyndagerð, skapandi skrif o.fl.

Tónlistarkennsla á vegum tónlistarskólanna fer að hluta fram á skólatíma grunnskólabarna og er það stefna borgarinnar að svo sé. Í nokkrum tilfellum hefur tekist að skapa samstarfsvettvang tónlistar- og grunnskóla og þessir aðilar staðið saman að framkvæmd stærri verkefna s.s. uppsetningu söngleikja, samþættingu tónlistar og vísinda í verkefninu Biophilia í samstarfi við Björk, þar sem nemendur í grunnskólum borgarinnar hafa tekið þátt.

## Frístundastarf – listir og menningartengd verkefni

Við ráðningar starfsmanna á starfsstöðvar undir stjórn frístundamiðstöðva er mjög oft tekið mið af listrænum bakgrunni og menntun viðkomandi. Fjölmörg dæmi eru um tækifæri sem skapast hafa til verkefna á sviði lista og menningar þegar vel tekst til. Á frístundaheimilum starfa margir með bakgrunn í listum og hafa til dæmis þróunarverkefni á sviði tónlistar fengið verðskuldaða athygli. Klúbbar á sviði listgreina eru víða starfræktir og kynningar og smiðjur sem byggja á þeim algengar. Ýmis sértæk verkefni sem tilheyra frístundahluta SFS eru unnin í samvinnu skóla og félagsmiðstöðva og ætluð ungmennum. Þar má nefna Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanna, stuttmyndahátíðirnar Hilmarinn og Augað, tónleikaverkefnið Drullumall, hljómsveitakeppnina Tónabær rokkar og margt fleira.

## Ungmenni (16-18 ára)

### Námsflokkar Reykjavíkur

Hjá Námsflokkum Reykjavíkur er almenna reglan sú að list- og verkgreinar eru u.þ.b. þriðjungur náms og kennslu. Að auki er markvisst unnið að samfélags- og menningarlæsi nemenda með ferðum í leikhús, á útvarps- og sjónvarpsstöðvar, listasöfn, bókasöfn, tónleika og opnar vinnustofur listamanna. Lokaverkefni nemenda eru að jafnaði fjölbreytt á sviði lista og menningar.

## Hitt húsið

Hitt Húsið er miðstöð ungs fólks og er fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára. Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur (ÍTR) rekur Hitt húsið. Hitt húsið skilgreinir sig sem aðsetur menningar og þar er starfsmaður sem hefur yfirumjón með listum í starfinu. Eftirfarandi verkefni eru rekin af Hinu húsinu: **Gallerí Tukt** er vettvangur sjónlista, opinn öllum; **Listsmiðjan** er vinnuaðstaða til listsköpunar af ýmsu tagi fyrir hópa og einstaklinga; **Fimmtudagsforleikurinn** í Kjallaranum er heitur þegar tónlist er annars vegar; **Músíktílaunirnar** eru fyrir ungt tónlistarfólk og áhugafólk um tónlist; **Götuleikhúsið** gleður alla yfir sumartímenn; **Skapandi Sumarhópar** er tækifæri fyrir ungt fólk til að láta drauma sína rætast og framkvæma eigin verkefni; **Unglist**-listahátíð ungs fólks er aðalmálið á rauðum haustdögum. Sum þessara verkefna njóta líka stuðnings frá öðrum aðilum en Reykjavíkurborg.

## Frístundakort

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar, ÍTR, sinnir víðtæku samstarfi við hagsmunaaðila í íþrótt- og æskulýðsstarfi, veitir styrki til félaga og styrkir þátttöku barna og unglunga í starfsemi þeirra með Frístundakortinu. Um 200 aðilar eru með samning við ÍTR vegna frístundakortsins og eru margir þeirra með tilboð á sviði lista og menningar.

## Þriðjungur barna í listum og menningu

Árið 2012 var samkvæmt upplýsingum frá ÍTR um þriðjungur barna í Reykjavík á aldrinum 6-16 ára skráður í frístundastarf á sviði lista og menningar. Tæpur fjórðungur þeirra fjármuna sem veitt var gegnum frístundakortið fór til aðila á þessu sviði, eða um 76 milljónir króna það ár. Inni í þeirri tölu eru ekki þeir sem stunda dans sem kenndur er hjá Íþróttafélögum.

Frístundakortsstyrkur í Reykjavík hækkaði í 30.000 kr. á hvert barn á þessu ári. Heimilt er að verja þessum styrk til greiðslu fyrir frístundastarf utan Reykjavíkur ef viðkomandi aðili hefur gert samning við ÍTR þar að lútandi.

## Mikil þátttaka barna og ungmenna í menningarstarfi

Skipulögð fræðsla fyrir leik- og grunnskóla og frístundaheimili er í öllum menningarstofnunum Reykjavíkurborgar. Náið samstarf er á milli skóla og frístundasviðs og þessara stofnana á menningar- og ferðamálasviði.

Menningarstofnanir borgarinnar tengja fræðslutilboð sín við Aðalnámskrá

leikskóla og grunnskóla. Sem dæmi má nefna að 5000 leikskóla- og grunnskólabörn fóru í skipulagðar heimsóknir á Borgarbókasafnið á skólaárinu 2012-13, 2500 börn sóttu Gerðuberg heim á sama ári, 2200 börn heimsóttu Víkina-Sjóminjasafn, ríflega 3500 börn heimsóttu landnámssýninguna 874 og ríflega 9500 börn komu í skipulagða heimsókn á Árbæjarsafnið úr leik- og grunnskólum borgarinnar.



## Listgreinar

Listgreinar og mismunandi fléttur þeirra eru ekki bara kenndar og upplifaðar í skólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveitum, tónlistarskólum og myndlistaskólum í Reykjavík heldur einnig af ótal fagaðilum um alla borg. Margir þeirra eru með samning við ÍTR vegna frístundakortsins.

## Dans

Dans er kenndur í um 80% grunnskóla í Reykjavík, en þar er í flestum tilfellum um að ræða samkvæmisdans. Samkvæmt skýrslu um listgreinar í grunnskólum (2009) kemur fram að um 40% skóla kenna dans á miðstigi, en aðeins um 10% á unglíngastigi.<sup>9</sup> Dans er einnig kenndur víða á vegum íþróttafélaga í borginni. Listdansskólar njóta stuðnings ríkisins en ríflega 1000 börn á aldrinum 6-16 ára stunda nám í opnum flokkum og í grunnnámi í þeim fjórum dansskólum í Reykjavík sem njóta viðurkenningar sem slíkir. Ekki er ljóst hve stór hluti þess hóps býr í Reykjavík.

Mikill vilji er til þess hjá þeim sem reka listdansskóla að breyta aðkomu sveitarfélaga að því námi og auka fjárhagslegan stuðning við nám yngstu nemendanna.

## Kvikmyndalist

Kvikmyndalist er gert hátt undir höfði á mörgum starfsstöðvum SFS. Auk Myndvers SFS vinna margir skólar og einnig frístundamiðstöðvar markvisst að því að bjóða tækifæri á þessu sviði og hefur Miðberg verið leiðandi í þessu starfi. Menntaðir starfsmenn á þessu sviði skapa nýja möguleika og mikill áhugi er á því meðal fagmanna að efla mjög kvikmyndagerð í grunnskólum og styrkja bakland hennar fyrir kennara almennt líkt og gerist í nágrannalöndum okkar. Leik- og grunnskólabörnum er boðið á bíósýningar í Bíó Paradís sem

<sup>9</sup> Reykjavíkurborg (2009). *Listgreinakennsla í grunnskólum Reykjavíkur*.

Reykjavíkurborg styrkir. Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga í skólum borgarinnar. Myndver grunnskólanna er staðsett í Háaleitisskóla/Hvassaleiti og er miðstöð skapandi kvikmyndagerðar meðal yngstu borgarbúanna. Þar fer fram kennsla í handritsgerð, myndatökum og myndvinnslu. Taka er kvikmyndahátíð Myndvers grunnskólanna og er ein elsta kvikmyndahátíð landsins.

### **Leiklist – leikræn tjáning**

Eins og fram kom hér að framan er leiklist og leikræn tjáning kennd í grunnskólum og einnig er sterk hefð fyrir leikrænni tjáningu á leikskólum. Rétt er að benda á að námsefni hefur verið gefið út sem ætlað er að styðja við notkun leikrænnar tjáningar sem aðferðar við nám og kennslu. Víða er sterk hefð fyrir uppsetningu leikrita innan bekkja og fjölmargar leiksýningar í boði í skólum á hverjum vetri. Sjálfstæðir smærri hópar bjóða stundum leikrit og styttri atriði inn í grunnskóla og er það í valdi hvers skólastjóra að ákveða slíkt. Oft eru slíkar sýningar tengdar námskrám og geta t.d. fjallað um sögulega viðburði eða haft forvarnargildi. Verulega hefur dregið úr slíkum viðburðum undanfarin ár vegna niðurskurðar.

Margir skólar sækja leikhús með börnum með aðstoð foreldra og foreldrafélög við tiltekna bekki sækja oft leikhús að eigin frumkvæði.

Borgarleikhúsið nýtur stuðnings sem ætlað er að styðja fræðslustarf á vegum leikhússins. Stuðningur þessi nam 10 m.kr. á síðasta ári og var sett upp sérstök sýning fyrir elstu börn leikskóla, nemendum í 10. bekk var boðið á Pörupilta (kynlífsfræðsla) og Hamlet litli var í boði fyrir 5. bekki í grunnskólum Reykjavíkur.

Í tölum yfir leikskólagesti á leikskólasýningu ætlaða elstu börnum leikskóla sem bauðst á síðasta ári kemur fram að 1541 barni var boðið og náðu 1490 börn að þiggja það. Alls var 79 leikskólum boðið og mættu börn úr 70 þeirra á sýningarnar.

### **Myndlist**

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur um árabil haft samning við Reykjavíkurborg. Í honum er tilgreint fjölbreytt framboð kennslu og fræðslu fyrir leikskólabörn og kennara þeirra, grunnskólastjórnendur og kennaranámskeið auk almennra námskeiða. Heildarverðmæti samningsins nú er 18.5 m.króna og hefur staðið í stað í mörg ár.

Myndlistamenn eru vinsælir samstarfsaðilar í leik- og grunnskólum. Unnið er að því í samvinnu við fulltrúa BÍL að auka möguleika starfsstöðva á að vinna með listamönnum. Þróunarverkefni á undanförunum árum hafa vakið hrifningu og möguleikarnir orðið mönnum ljósari.

Myndlist hefur, eins og aðrar listir á tímum stafrænna möguleika, öðlast mörg ný birtingarform og nægir að minna á instagram-sýningu Kamps á Barnamenningarhátíð nú í vor.



## Tónlist

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla á Kjalarnesi. Hátt í 500 nemendur stunda nám við þessar stofnanir samanlagt.

Reykjavíkurborg hefur gert samninga við 18 tónlistarskóla um tónlistarkennslu barna og ungmenna. Stuðningur borgarinnar miðast við greiðslu kennslu vegna nemenda í fornámi, grunnstigi og miðstigi á hljóðfæri. Samningarnir eru bundnir kjarasamningum og er heildarverðmæti þeirra nú um 750 milljónir króna og það kennslumagn sem þannig er tryggt um 75.000 umreiknaðar grunnstundir í tónlistarnámi.

Reykjavíkurborg hefur milligöngu um stuðning ríkisins vegna nemenda á miðstigi í söng og framhaldsnámi. Framlag ríkisins er um 350 milljónir króna en kennslumagn á þessu námsstigum er um 47.000 umreiknaðar grunnstundir. Um 2500 nemendur frá Reykjavík stunda tónlistarnám á öllum námsstigum í tónlistarskólunum í borginni.

Tónleikar og viðburðir hjá tónlistarskólum og skólahljómsveitum eru fjölmargir á ári hverju. Ekki er heimilt að selja inn á tónleika skólahljómsveita og þeir m.a. hugsaðir sem menningartilboð fyrir íbúa hverfanna. Skólahljómsveitir taka þátt í ýmsum hátíðum og viðburðum á vegum annarra starfsstöðva SFS. Þær og nemendur tónlistarskóla leika auk þess oft fyrir eldri borgara og sjúka.

**Nótan** – uppskeruhátíð tónlistarskólanna er haldin árlega. Undirbúningur fer fram í hverjum skóla, forkeppnir eru oft haldnar innan skóla og síðan á smærri svæðum. Fulltrúar til þátttöku í lokahátíð Nótunnar í Hörpu eru valdir á svæðistónleikunum.

**Landsmót skólahljómsveita og utanlandsferðir** – skólahljómsveitir Reykjavíkur sækja landsmót, en þau mót fara sístækkandi og eru nú aldursskipt. Jafnframt er reynt að fara með elstu sveitir skólahljómsveita erlendis á mót og viðburði á

nokkurra ára fresti. Slíkt er þó ekki kostað af SFS heldur sjá foreldrar um fjármögnun og hafa fengist veglegir Evrópustyrkir í þessi verkefni.

**Tónlist fyrir alla** – er styrkt af ríki en skólar greiða lágmarksgjald fyrir hvern nemenda á skólatónleikum á vegum verkefnisins. Sviðstjóri SFS hefur ítrekað skrifað formleg erindi til stuðnings verkefninu, en fjármagn til þess hefur þrátt fyrir það ekki verið sett í fjárlög fyrr en á síðustu stundu. Grundvöllur þess er því óöruggur og framlög, þegar þau koma, hafa staðið í stað eða lækkað. Skólar í Reykjavík hafa á síðustu árum haft lítið svigrúm til kaupa á slíkum atriðum inn í skólana.

## Textílmennt

Textílmennt hefur tekið miklum stakkaskiptum á síðustu áratugum hvað varðar listrænar áherslur. Mörg þeirra verkefna sem þegar hafa verið nefnd, ekki síst á vettvangi frístundastarfs, koma inn á skapandi vinnu á þessu sviði. Hönnun ýmiss konar kemur við sögu í framkvæmd margra þeirra og nægir að nefna búningagerð, sviðsmyndir og fleira í þessu sambandi. Samkvæmt Aðalnámskrá heyrir textílmennt undir verkgreinar. Það er svo í framkvæmdinni sem styrkur hins listræna þáttar ræðst. Styðja má við það t.d. með betri aðgangi að listamönnum sem tengjast viðfangsefnum hverju sinni.<sup>10</sup>

## Kópavogur

### Leikskólar

Leikskólar Kópavogs eru 19 og þar eru tæplega 2.100 börn. Leikskólarnir vinna eftir Aðalnámskrá leikskóla og námskrá hvers leikskóla fyrir sig. Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

---

<sup>10</sup> Reykjavíkurborg (2014). Samantekt varðandi kennslu, fræðslu, upplifun og þátttöku í list-og menningargreinum á vegum Reykjavíkurborgar.

## Grunnskólar

Grunnskólar Kópavogs eru níu talsins og þar stunda 4.440 nemendur nám.

Kennsla í list- og menningargreinum í grunnskólum er í samræmi við

Aðalnámskrá grunnskóla þar sem áhersla er á skyldugreinar: myndmennt, tónlist, smíði, textílmennt og heimilisfræði en nemendur kynnast einnig öðrum greinum í mismiklum mæli, á borð við ritsmíðar, forritun, kvikmyndagerð, dans, handverk og leiklist. Listgreinakennslan er einnig fléttuð inn í nám nemenda í öðrum námsgreinum, má þar nefna ljóða- og sögugerð í íslensku eða leiklist. Skólarnir útfæra nám nemenda á fjölbreyttan hátt.



### Skólahljómsveit Kópavogsbær

Í Kópavogi er skólahljómsveit þar sem fram fer öflugt starf. Bærinn rekur hljómsveitina en nemendur greiða þátttökugjald sem nemur innan við 10% af rekstrarkostnaði.

Í skólahljómsveitinni eru 175 nemendur og fara 173 kennslustundir á viku í kennslu og hljómsveitaræfingar. Auk þess heldur hljómsveitin fjölmarga tónleika í skólum, menningarstofnunum og víðar.

### Dægradvöl í Kópavogi

Við alla grunnskóla Kópavogs er boðið upp á gæslu eftir skóla fyrir 1.-4. bekk sem nefnist dægradvöl og er starfsemin þar fjölbreytt. Dægradvöl er nýtt að stórum hluta til listgreinakennslu s.s. myndlistakennslu eða kórstarfs. Öll börn sem eru í dægradvöl geta á einhverjum tíma notið slíkrar kennslu.

Unnið hefur verið ötult starf við að tengja íþróttir og aðrar tómsundir inn í dægradvöl barna til að stytta vinnudag þeirra. Foreldrum er þá gefinn kostur á að skrá börn sín í ýmsar íþróttir en einnig er á mörgum stöðum boðið upp á listgreinanámskeið. Má þar nefna Möguleikhúsið sem býður börnum upp á leiklistarnámskeið.

### Félagsmiðstöðvar í grunnskólum

Félagsmiðstöðvar eru í hverjum skóla Kópavogs, níu talsins, og halda uppi formlegu starfi fyrir nemendur í 8. -10. bekk. Öflugt starf er þar sem hefur tengingar inn í listir og menningu, m.a. er haldinn svokallaður Sköpunardagur einu sinni á ári. Þar er unnið út frá fyrirfram ákveðnu þema sem er mismunandi á milli ára. Vinna unglínganna er listræn sýn þeirra og túlkun á þemanu í sjö listgreinum, þar á meðal myndlist, ljóða- og smásagnagerð, fatahönnun,

stuttmyndagerð og ljósmyndun. Dómarar á Sköpunardegi eru einstaklingar sem hafa góða þekkingu á hverri listgrein fyrir sig, s.s. hönnuðir, myndlistarfólk, kennarar og kvikmyndagerðarfólk.

### **Molinn ungmennahús**

Kópavogsbær rekur ungmennahús fyrir 16 ára og eldri. Þar tengjast eftirtalin verkefni beint list- og menningarfræðslu.

- Listasmiðjur. Boðið er upp á mismunandi smiðjur þar sem starfsfólk miðlar þekkingu sinni og leiðbeinir ungmennum. Gróflega má áætla að alls eitt stöðugildi vinni að kennslu í list- og menningargreinum í níu mánuði á ári.
- Sumarnámskeið-götuleikhús. Leikhópur undir leiðsögn. 17 stöðugildi í fimm vikur.
- Skapandi sumarstörf fela í sér 25-30 stöðugildi í sjö vikur á hverju sumri. Ungmennni fá tækifæri til að vinna að eigin skapandi verkefnum undir handleiðslu leiðbeinenda.
- Tónlist og myndlist. Tónleikar og listasýningar undir handleiðslu starfsfólks Molans. Kennsla, ráðgjöf og aðstoð við listsköpun og uppsetningu sýninga. Samsvarar upb. einu stöðugildi í tvo mánuði á ári.

### **Frístundastyrkir**

Kópavogsbær veitir forráðamönnum barna á aldrinum 5-18 ára frístundastyrki vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Starfið þarf að fara fram undir leiðsögn hæfra leiðbeinenda. Meginskilyrði styrkjanna er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna og að hún fari fram á ársgrundvelli. Boðið er upp á styrki til að iðka ýmsar íþróttir en auk þess er boðið upp á að sækja um styrki til listiðkunar s.s. ballet-, dans-, söng- og myndlistarnáms í fjölmörgum skólum.

### **Barnamenningarhátíðin „Ormadagar“**

Ormadagar eru hátíð sem fyrst var haldin í maí 2012 og endurtekin í október 2012 og maí 2013.

Hátíðin er ætluð leik- og grunnskólabörnum og er samvinnuverkefni stofnana Kópavogsbæjar á Borgarholtinu: Tónlistarsafns, Bókasafns, Salarins, Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu. Eitt meginmarkmið hátíðarinnar er að börn í Kópavogi kynnist þessum stofnunum og upplifi dagskrá sem sérstaklega er

miðuð við þeirra aldur. Dagskrá hátíðarinnar hefur farið fram á skólatíma barnanna.

### **Efling listfræðslu í skólunum**

Auk þess sem kemur hér fram er í vinnslu enn frekara samstarf menntasviðs bæjarins við söfnin á Borgarholtinu og í farvatninu er þróunarverkefni til að gera list barna sýnilegri.

Mikilvægt er að efla enn frekar list- og menningartengda kennslu í bænum. Þar ber hæst að efla þarf kennslu inni í skólunum, t.d. að listamenn á öllum sviðum kæmu meira inn í skólana og störfuðu við hlið kennara að tilteknum verkefnum. Skólar eru kjörinn vettvangur fyrir hvers konar sýningar.<sup>11</sup>

## **Hafnarfjörður**

### **Leikskólar**

Í Hafnarfirði eru sextán leikskólar, þar af þrjú einkareknir og börnin sem stunda nám eru um það bil 940. Í þeim öllum er lögð áhersla á að börnin hafi aðgang að fjölbreyttum efnivið og verkfærum til að vinna með. Þau fá að prófa sig áfram á eigin forsendum, fá tækifæri til að gera tilraunir með eigin verk, eru hvött til listsköpunar út frá upplifunum sínum auk þess að fá handleiðslu.

*Tónlist og hreyfing.* Í leikskólunum er unnið með þulur, sönglög, hlustun, hljóðfæri, hreyfingu, dans og leiki á fjölbreyttan hátt sem stuðlar að almennum þroska og tónlistarhæfni barnanna bæði úti og inni. Sem lið í frekara tónlistaruppeldi fara flest börnin árlega á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og elstu börn leikskólanna taka þátt í menningarviðburðinum *Syngjandi jól* í Hafnarborg, menningarhúsi Hafnfirðinga, í upphafi aðventu. Árlega er farið með börnin í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og í tengslum við uppskeruhátíðir grunnskólanna taka elstu börn leikskólanna þátt með yngstu börnum grunnskólanna í söngleikjum og öðrum skemmtunum.

---

<sup>11</sup> Kópavogsbær (2014). Samantekt varðandi kennslu í list- og menningargreinum á vegum Kópavogsbæjar

*Listgreinakennsla.* Listgreinakennsla gengur sem rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Börnin skapa ýmist frjálst eða vinna út frá vissu þema með margs konar efnivið. Á *Björtum dögum*, menningarhátíð Hafnfirðinga, sýna börnin afrakstur vinnu sinnar víðsvegar um bæinn og á *Degi leikskólans* eru haldnar myndlistarsýningar til að vekja athygli á verkum barnanna auk þess sem þau eru til sýnis í leikskólum dags daglega.

*Leiklist.* Í skipulögðum kennslustundum eru sett upp leikverk, ýmist sjálfsprottin eða unnin upp úr sögum og ævintýrum sem börnin sýna oftan en ekki á fagnaðarfundum sem haldnir eru í lok hverrar viku. Liður í leiklistaruppeldi er að fara með börnin í Þjóðleikhúsið auk þess að fá leiklistarfólk til að setja upp leiksýningar fyrir börnin á sérstökum dögum.

## Grunnskólar

Allir grunnskólar í Hafnarfirði sem bærinn starfrækir (alls sjö skólar með um 3.800 nemendum) kenna listgreinar skólaárið 2013-2014, í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 1999 og viðmiðunarstundaskrá sem henni fylgir. Kennsla í listgreinum eru sviðslistir (dans og leiklist), myndmennt/sjónlistir og tónmennt, með ýmsum útfærslum á þeim sem námsgreinum, svo tekið sé mið af nýrri skilgreiningu þeirra í Aðalnámskrá grunnskóla (2013). (Þar með eru verkgreinar utan þessarar samantektar, þ.e. hönnun og smíði, heimilisfræði og textílmenn, og tengd viðfangsefni). Útfærsla kennslunnar getur líka verið mismunandi eftir skólum út frá skólaáherslum varðandi inntak og skipulag (sumir eru með jafna kennslu allra listgreina yfir skólaárið á meðan aðrir útfæra hana í lotum). Í öllum grunnskólum bæjarins fer kennsla sumra listgreina, svo sem myndmenntar og tónmenntar, fram í kennslustofum sem sérstaklega eru ætlaðar til slíkrar kennslu á meðan slíku er ekki til að dreifa í öðrum listgreinum, svo sem dansi og leiklist. Þá eru í einstaka skólum ríkar hefðir sem leggja mikla áherslu á listir, t.d. í Víðistaðaskóla þar sem 10. bekkingar setja upp og sýna á hverju ári leikrit eða söngleik. Þá standa grunnskólarnir fyrir listviðburðum og þemavikum á hverju skólaári þar sem áhersla er á listir og skapandi vinnu í skólum, líkt og árlegir menningardagar í Áslandsskóla eru dæmi um. Skipulögð eru sérstök listverkefni í grunnskólunum þvert á bæinn, t.d. söngverkefni 4. bekkinga á *Björtum dögum*, árlegri menningarhátíð Hafnarfjarðar. Einnig er starfrækt



skólalúðrasveit við einn grunnskólann í samstarfi við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Frá hausti 2014 mun listgreinakennsla í grunnskólum verða í samræmi við ný viðmið í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og þá viðmiðunarstundaskrá sem henni fylgir auk þess sem skiptitímum mun fjölga í samræmi við nýju viðmiðunarstundaskrána (fimm tímar á viku á hvern bekk). Það mun væntanlega koma list- og verkgreinum til góða.

Valgreinar á unglingsstigi (8.-10. bekk) í grunnskólum Hafnarfjarðar eru fjölmargar með margvísleg viðfangsefni sem tengjast listgreinum. Útfærslan er mismunandi milli grunnskóla. Tvær valgreinar sem snúa að list- og verkgreinum, leiklistarval og iðnskólaval, eru í boði fyrir alla grunnskóla og kenndar sameiginlega yfir bæinn. Leiklistarval er í boði fyrir nemendur í 8.- 10. bekk, skipulagt sér fyrir hvern árgang og kennt í samstarfi við Gaflaraleikhúsið. Iðnskólavalið er fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla, í samstarfi við Iðnskólann í Hafnarfirði (IH) sem annast skipulag og kennslu. Lögð er áhersla á að kynna væntanlegum framhaldsskólanemendum list- og verkgreinar í ÍH og þá möguleika sem þeir hafa á náminu á framhaldsskólastigi.

Þá er í gangi sérstakt samstarf við menningarmiðstöð Hafnarfjarðar, Hafnarborg. Hafnarborg býður nemendum og skólum að koma á ýmsar sýningar safnsins og býður upp á nemendatengda vinnu í tengslum við sumar sýningar.

Grunnskólanemendum býðst einnig margvísleg þátttaka í félagsstarfi í félagsmiðstöð í sínum grunnskóla sem er skipulagt er af ÍTH (hluta fjölskylduþjónustu bæjarins). Þar eru margvísleg listverkefni skipulögð á öllum kennslustigum grunnskólans, þ.e. yngsta stigi í heilsdagsskóla (lengdri viðveru), miðstigi og unglingsstigi. Þar fá nemendur frekari tækifæri í listnámi, t.d. hönnunar-, fata- og förðunarkeppni (STÍLL), stuttmyndakeppni og söngkeppni, sumt í samstarfi við SAMFÉS. Þessir viðburðir og verkefni eru af margvíslegu tagi en einnig breytilegir eftir einstaka félagsmiðstöðvum og sífellt ný listverkefni eru í farvatninu. Á hverju ári er haldin sérstök hátíð í bænum fyrir 8. – 10. bekkina, Grunnskólahátíð, þar sem listir eru mikilvægur þáttur í dagskránni. Þar koma nemendur fram og sýna leikrit, dansa og syngja.

Nemendum á grunnskólaaldri bjóðast líka styrkir til að stunda tómstundastarf, þeir geta valið um listnám þar líkt og aðra tómstundaiðju. Þetta er skipulagt og því stýrt af ÍTH.

Hluti af sumarvinnu unglínganna (8.-10. bekk) í bænum hefur tengst listsköpun eins og graffiti-málun og marg-/fjölmiðlun (sjónlistir) og sérstakir listhópar hafa verið starfandi, meðal annars í samstarfi við Gaflaraleikhúsið. Þá hefur bærin boðið upp á hljómsveitaraðstöðu fyrir ungt fólk sem er að prófa sig áfram á tónlistarbrautinni.

### **Tónlistarskóli Hafnarfjarðar**

Í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar eru skráðir um 590 nemendur, þar af nærri tveir þriðju (62%) í grunnnámi, 16% í miðnámi og 5% í framhaldsnámi. Stúlkur eru um 58% nemenda en drengir 42%. Þá eru um 100 nemendur í forskóla á aldrinum 7 – 8 ára og fer kennslan fram bæði í Tónlistarskólanum og eins í nokkrum grunnskólanna. Árið 2013 var tekin upp kennsla fyrir fimm ára börn í svokallaðri Suzukideild og eru nú tíu börn í því námi.

Sérstök hryndeild, Tónkvísl, er starfrækt við skólann en hún rúmar nokkrar tegundir tónlistar aðrar en sígilda tónlist, svo sem jazz, popp, suður-ameríska tónlist (latin) og þjóðlagatónlist - allar með ýmsum afbrigðum. Hryndeildin er einkum ætluð eldri nemendum með grunnfærni í hljóðfærleik, þótt í einhverjum tilvikum verði hægt að víkja frá þeirri reglu. Með stofnun þessarar deildar þurfa nú hafnirskir nemendur síður að sækja þetta tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum. Í Tónkvísl eru nú skráðir 58 nemendur. Tónlistarnámið fer að mestu fram í einkatímum, en auk þess sækja nemendur hóptíma í tónfræði, hljómfæði, tónheyrn og tónlistarsögu. Í skólanum er lögð mikil áhersla á samspil af ýmsu tagi. Starfandi eru þrjár skólalúðrasveitir, strengja- og blásarasamspilshópar, samsöngshópur og fjöldinn allur af minni samspilum.

Skólinn starfar eftir Aðalnámskrá og fagnámskrám fyrir öll hljóðfæri frá Menntamálaráðuneytinu.<sup>12</sup>

<sup>12</sup> Hafnarfjarðarbær (2014). *Listgreinakennsla í skólum Hafnarfjarðar*.

## Garðabær

### Leikskólar

Í leikskólum Garðabæjar er börnum boðin tónmennt á aldrinum 1-5 ára, myndmennt frá 2-5 ára og dans frá 4-5 ára. Börnum frá tveggja ára aldri býðst einnig að sækja námskeið hjá Klifinu sem er skapandi fræðslusetur rekið af einkaaðilum, sem býður dans, leiklist o.fl.

### Grunnskólar

Nemendur í grunnskólum Garðabæjar sækja tíma í myndmennt, textílmennt, hönnun, smíði og nýsköpun, heimilisfræði, tónmennt og samsöng/sjónlistum samkvæmt Aðalnámskrá en auk þess er boðið upp á val í leiklist, kórsöng og forritun.

Nemendum í 9. – 10. bekk býðst einnig að sækja fjölbreytt valnámskeið, s.s. textíl- og fatahönnun, prjón og hekl, smíði, margs konar myndlistarnámskeið, leir og gler, margmiðlun, verk og listgreinaval Iðnskólans í Hafnarfirði, leiklist, fjölbreytt tónlistarnámskeið og mismunandi dansnámskeið auk þess sem öllum býðst að taka þátt í söngleik.



Grunnskólanemar geta einnig sótt fjölbreytt námskeið hjá Klifinu, svo sem list- og handverksnámskeið, dans, ballet, myndlistar- og teikninámskeið, vísinda – og tækninámskeið, tónlistarnámskeið, smíðanámskeið, leiklistarnámskeið og forritunarnámskeið.

### Tónlistarskóli Garðabæjar

Tónlistarskóli Garðabæjar sinnir fjölbreyttri tónlistarkennslu, með áherslu á grunn- og framhaldsskólaaldur. Um 550 nemendur stunda nú nám við skólann. Kennsla er í grunnskólanum fyrir grunnskólanemendur upp í 7. bekk. Skólinn skiptist í sex deildir: blásara-, forskóla-, píanó-, rytmíska, strengja- og söngdeild. Hljómsveitir eru starfandi við skólann, bæði blástur- og strengjadeild. Skólinn útskrifar nemendur af framhaldsskólabraut.

## Tómstundastyrkir

Öll börn á aldrinum 6-18 ára eiga árlega rétt á tómstundarstyrk sem barnið eða forsjáraðilar þess geta varið til að greiða niður félagsgjöld í íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi. Tómstundastyrkjum má ráðstafa til greiðslu fyrir þátttöku í „tómstundaskólum“ utan sveitarfélagsins, sem auðveldar börnum að sækja t.d. dansnám eða myndlistarnám utan lögheimilissveitarfélags.<sup>13</sup>

## Mosfellsbær

### Leikskólar

Leikskólabörnum í Mosfellsbæ er boðið upp á tónlist, myndmennt, textílmenn, leiklist, dans og leirvinnu í sjö leikskólum sem rúma á sjötta hundruð leikskólabörn. Þá er ótalinn Krikaskóli sem er samþættur leik- og grunnskóli sem rúmar tæplega 180 börn á aldrinum tveggja til níu ára. Í Krikaskóla er unnið með fjölbreytta nálgun í list og verkgreinum. Börnin hitta myndlistarkennara og íþróttakennara frá 4 ára aldri. Fimm ára börnin taka þátt í list og verkgreinum skv. Aðalnámskrá grunnskóla í fléttu með sex og sjö ára börnum. Frístundastarfið er einnig uppfyllt af list- og verknámi með þátttöku kennara skólans.

### Grunnskólar

Þrjú grunnskólar eru í Mosfellsbæ með ríflega 1500 nemendur.<sup>14</sup>

Grunnskólanemendur í Mosfellsbæ leggja stund á nám í tónlist, myndmennt, smíði, textílmenn, leiklist, dans og leirvinna er valgrein. Nefna má sem dæmi um framkvæmdina að í Lágafellsskóla eru list- og verkgreinar kenndar í lotum í 3. – 8. bekk. Hverjum árgangi er skipt í hópa og hver hópur er í einni sérgrein í einu, í tvær kennslustundir þrisvar í viku í 5 – 7 vikur eftir stærð árgangsins. Þá tekur við næsta sérgrein og svo koll af kolli.

Allir nemendur í 4. – 6. bekk fá danskennslu allan veturinn í eina kennslustund á viku. Kennslan er felld inn í stundaskrá. Kennt er á blokkflautu í 3. bekk, einu sinni í viku á haustönn.

---

<sup>13</sup> Garðabær (2014). *List-, menningar- og verkgreinar. Samantekt.*

<sup>14</sup> Skólarnir eru Varmárskóli, Lágafellsskóli og Krikaskóli sem er sameinaður leik- og grunnskóli fyrir 2-9 ára nemendur.

Í unglingadeild geta nemendur m.a. valið um eftirtaldar greinar: leir, mállmsmíði, skartgripagerð, ljósmyndun, skrautskrift, fatahönnun, fluguhnýtingar, grafík og kvikmyndir.

## Listaskóli Mosfellsbæjar

Listaskóli Mosfellsbæjar er rekinn og studdur af sveitarfélaginu en hann var stofnaður árið 2006. Listaskólinn samanstendur af tónlistardeild (sem áður var Tónlistarskóli Mosfellsbæjar), Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, Myndlistarskóla Mosfellsbæjar, og Leikfélagi Mosfellssveitar. Markmið Listaskólans er að samþætta starfsemi þessara stofnana og tryggja tengsl milli þeirra.

Starfsemi Listaháskóla Mosfellsbæjar er athyglisverð birtingarmynd heildstæðrar skólastefnu Mosfellsbæjar þar sem stefnt er að því að skólar, stofnanir og félag í Mosfellsbæ stilli saman strengi sína, bæði í uppeldi og skipulagi og hafi að leiðarljósi að allir nemendur fái tækifæri til að kynna mismunandi listum sem neytendur og flytjendur.

Tónlist og leiklist er í boði fyrir börn á leikskólaaldri en myndlist og þátttaka í skólahljómsveit bætist við fyrir nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri. Þá er lögð áhersla á að fléttuð verði saman starfsemi Listaskólans við grunn- og leikskóla. Hlutverk Listaskólans er einnig að auka tengsl við aðila utan stofnana bæjarins, ekki síst starfandi listamenn. Það má því segja að Listaskóli Mosfellsbæjar sé regnhlíf yfir fjölbreytta listastarfsemi í Mosfellsbæ.<sup>15</sup>

## Seltjarnarnesbær

### Leikskólar

Börn á leikskólaaldri kynnast tónlist og myndlist frá 1-2 ára aldri. Börnum býðst tónlistarkennsla frá eins árs aldri en tónlistarkennari frá Tónlistarskóla Seltjarnarness annast reglulega tónlistarfræðslu á öllum starfsstöðvum leikskóla. Tónlistarskólinn heldur tónleika í leikskólum á haust- og vorönn.

---

<sup>15</sup> Mosfellsbær (2014). *Samantekt kennslu í list- og menningargreinum á vegum Mosfellsbæjar*.

## Grunnskólar

Grunnskólanemar á Seltjarnarnesi leggja stund á myndmennt, textílmennt, heimilisfræði, hönnun og smíði (frá 2. bekk) tónmennt og dans frá 1.- 7. bekk grunnskóla og kórsöngur bætist við sem valgrein í 3. bekk. Þessar greinar eru valkvæðar í efstu bekkjum grunnskólans frá 8.-10. bekk eins og í öðrum sveitarfélögum. Grunnskólanemum á aldrinum 7-13 ára hefur staðið til boða leiklistarnámskeið, þar sem kennsla er í höndum einkaaðila, en skólinn leggur til húsnæði.

## Tónlistarskóli

Tónlistarskóli Seltjarnarness hefur frá stofnun sinni almennri tónlistarmenntun Seltirninga, með áherslu á grunn- og framhaldsskólaaldur. Um 220 nemendur stunda nú nám við skólann. Í fyrsta bekk grunnskóla koma allir nemendur árgangsins í tónlistarskólann einu sinni í viku og njóta leiðsagnar tveggja tónlistarkennara. Í öðrum bekk grunnskóla fá nemendur sem þess óska kennslu á blokkflautu. Í þriðja bekk geta nemendur valið sér hljóðfæri, en kennt er á öll algengustu hljóðfæri við skólann auk þess sem boðið er upp á kennslu í fræðigreinum. Tónlistarskóli Seltjarnarness útskrifar nemendur með framhaldspróf.

## Skólalúðrasveit Seltjarnarness

Skólalúðrasveit Seltjarnarness starfar í nánú samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness. Undir merkjum Skólalúðrasveitarinnar starfa að jafnaði tvær til þrjár aldursskiptar lúðrasveitir. Um 60 nemendur eru nú í tveimur sveitum.

## Sumarnámskeið

Á sumarnámskeiðum Íþróttá- og tómstundaráðs Seltjarnarness hefur verið boðið upp á listasmiðjur í teikningu og málun fyrir börn á aldrinum 6-12 ára og gítarnámskeið fyrir alla áhugasama frá tíu ára aldri. Kennslan fer fram skv. samningum við einkaaðila.

## Kennsla í list- og menningargreinum fyrir íbúa eldri en 16 ára

Námskeið tengd list- og verkgreinum eru hluti af tómstundastarfi eldri borgara. Þar má telja kennslu í glerlist, glerbræðslu, leirlist og í listasmiðju.

## Tómstundastyrkir

Öll börn á aldrinum 6-18 ára eiga árlega rétt á tómstundastyrk sem barnið eða forsjáraðilar þess geta varið til að greiða niður félagsgjöld í íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfi. Tómstundastyrkjum má ráðstafa til greiðslu fyrir þátttöku í „tómstundaskólum“ utan sveitarfélagsins, sem auðveldar börnum að sækja t.d. dansnám eða myndlistarnám utan lögheimilissveitarfélags.<sup>16</sup>



<sup>16</sup> Seltjarnarnesbær (2014). Yfirlit yfir skipulag og tilhögun kennslu í list- og verkgreinum og öðrum skapandi greinum.

## Listgreinakennsla í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu

Alls voru 2213 nemendur skráðir í listnámi á framhaldsskólastigi á Íslandi haustið 2012, þar af 1796 eða 81% á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt nýjustu gögnum Hagstofu Íslands. Á höfuðborgarsvæðinu voru 41% skráðir á almennar listnámsbrautir, sem bjóða svokallaðar breiðar námsleiðir, 27% voru skráðir í tónmennt, þar af ríflega fjórir af hverjum fimm í hljóðfæraleik en fimmtungur í söng. Nemar í listdansi voru 10% af heildarfjölda listnema á framhaldsskólastigi á höfuðborgarsvæðinu og 5% lögðu stund á nám í kvikmyndagerð.<sup>17</sup>

Tafla 3 Fjöldi nemenda í listnámi á framhaldsskólastigi á höfuðborgarsvæðinu.

Skóli á framhaldsskólastigi	Flokkun námsbrauta	2009	2010	2011
Borgarholtsskóli	210a Listir - breiðar námsleiðir	151	131	134
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	814b Handíðabraut	71	76	79
	210a Listir - breiðar námsleiðir	207	200	253
	010i Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	33	21	61
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	010í Hönnunar- og markaðsbraut til stúdentsprófs	0	0	15
	210a Listir - breiðar námsleiðir	148	155	154
	010i Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	8	4	31
Fjölbautaskólinn við Ármúla	010i Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	7	26	17
Flensborgarskóli	213a Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, grunnnám	38	35	40
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	210a Listir - breiðar námsleiðir	6	12	34
Iðnskólinn í Hafnarfirði	210a Listir - breiðar námsleiðir	140	128	120
	214b Útstillingabraut	24	12	0
Menntaskólinn í Kópavogi	210a Listir - breiðar námsleiðir	3	1	2
	010i Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	4	1	1
Myndlistaskólinn í Reykjavík	211a Myndlist	22	48	79
	215f Textíll	0	12	12
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins	215a Gull- og silfursmíði	28	33	24
	213i Hljóðtækni	12	16	13
	210a Listir - breiðar námsleiðir	168	117	123
	213c Ljósmyndun	21	12	14
	215g Mótun	0	38	26
	213d Prentsmíð/grafísk miðlun	27	22	30
	213e Prentun	4	3	2
	213a Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, grunnnám	242	205	174
010i Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	23	23	33	
Menntaskólinn við Hamrahlið	010e Listdansbraut til stúdentsprófs	0	0	40
	210a Listir - breiðar námsleiðir	31	38	0
Danslistarskóli JSB	212f Listdans	67	67	61
Klassíski listdansskólinn	212f Listdans	25	17	20
Listdansskóli Íslands	212f Listdans	47	46	60
Kvikmyndaskóli Íslands	213g Kvikmyndagerð	132	144	98
Tónlistarskólar (ath allt landið)	212a Hljóðfæraleikur	415	448	484
	212b Söngur	106	110	116
<b>Samtals 210a Listir - breiðar námsleiðir</b>		<b>854</b>	<b>782</b>	<b>820</b>
<b>Samtals</b>		<b>2210</b>	<b>2201</b>	<b>2350</b>

<sup>17</sup> Hagstofa Íslands, *Nemendur í listnámi á framhaldsskólastigi haustið 2012*. Gögn tekin saman að beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í janúar 2014.

## Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður upp á umfangsmikið listnám á framhaldsskólastigi og tæpur fimmtungur nemenda í skólanum er í listnámi. Sjónlistir hafa verið ein meginstoð skólans frá því skólinn var settur á fót fyrir tæpum 40 árum. Skólinn býður upp á þriggja ára listnámsbraut, þar sem hægt er að velja á milli tveggja kjörsviða sem lýkur með stúdentsprófi, annars vegar á sviði myndlistar og hins vegar á sviði fatahönnunar en auk þess starfrækir skólinn eins árs handíðabraut. Haustið 2012 voru 278 nemendur í listnámi í FB eða ríflega 30% af fjölda nemenda á almennum listnámsbrautum á höfuðborgarsvæðinu og 15% af heildarfjölda listnema á höfuðborgarsvæðinu.

## Fjölbrautaskóli Garðabæjar

Fjölbrautaskóli Garðabæjar býður upp á hönnunar- og listnám fyrir 16- 20 ára. Allt hönnunar- og listnámið er undirbúningur fyrir nám í háskólum. Kennt er á listnámsbraut sem skiptist í þrjú svið: fata- og textilhönnunarsvið, leiklistarsvið og myndlistarsvið. Námið er skipulagt sem þriggja ára námsbraut en nemendur geta bætt við sig einungum í bóklegum greinum og þar með aflað sér almennra réttinda til náms á háskólastigi. Nemendur á listnámsbraut voru alls 154 árið 2011 eða rétt innan við fimmtungur af nemendum skólans. Þeir voru jafnframt tæpur fimmtungur (19%) allra nemenda á almennum listnámsbrautum á höfuðborgarsvæðinu.<sup>18</sup> FG býður líka nám á hönnunar- og markaðsbraut þar sem nemendur sérhæfa sig í list- og verkgreinum ásamt því að taka áfanga í viðskiptagreinum.

## Borgarholtsskóli

Í Borgarholtsskóla er boðið upp á nám á listnámsbraut sem tekur að jafnaði þrjú ár. Í kjarna eru bóklegar greinar framhaldsskóla, kjarnagreinar listnámsbrautar og sérgreinar margmiðlunarhönnunar. Nemendur geta valið á milli tveggja kjörsviða í margmiðlunarhönnun: prent- og skjámiðlun eða fjölmiðlatækni. Nemendur á almennri listnámsbraut í Borgarholtsskóla voru alls 134 árið 2011 eða 16% af heildarfjölda nemenda á slíkum brautum á höfuðborgarsvæðinu.

---

<sup>18</sup> Júlía Bjarney Björnsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, Sveinn Agnarsson og Hafdís Ingvarsdóttir (2014), bls. 26.

## Tækniskólinn í Reykjavík

Hönnunar- og handverksskóli Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, býður upp á námsbrautir sem fela í sér undirbúning fyrir áframhaldandi nám á háskólastigi í hönnun, handverki eða listum, eða sérhæfingu í löggiltri faggrein. Árið 2011 stunduðu 123 nemendur almennt listnám við skólann en auk þess bauð skólinn upp á nám í ýmsum skapandi greinum á borð við ljósmyndun, hljóðtækni, og prentsmíð eða grafíska miðlun.<sup>19</sup> Námið á kjörsviðum hönnunarbrautar er þriggja ára undirbúningsnám á framhaldsskólastigi með útskrift af hönnunarbraut. Nemendur geta jafnframt lokið stúdentsprófi með viðbótarnámi í almennum bóklegum námsgreinum.

Námsleiðir sem í boði eru í Hönnunar- og handverksskólanum eru hönnunarbraut, fataiðnbraut, gull- og silfursmíðabraut, og diplómanám í mótun, teikningu eða textíl. Keramikkjörsvið á hönnunarbraut er unnið í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík.

## Iðnskólinn í Hafnarfirði

Iðnskólinn í Hafnarfirði býður upp á fjölbreytt nám í iðngreinum. Skólinn býður jafnframt upp á listnám með kjörsvið í almennri hönnun. Almenn hönnun er skilgreind sem þrívíddarhönnun, undirstaða fjöldaframleiðslu og hönnunarrýmis. Námið er grunnur að frekara hönnunarnámi í sérskólum eða á háskólastigi, og er að jafnaði þrjú ár en nemendur með stúdentspróf geta lokið því á tveimur árum. Árið 2011 lögðu 120 nemendur stund á listnám í skólanum.

Aðrir skólar á höfuðborgarsvæðinu með nám í listgreinum eru m.a. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, sem stofnaður var árið 2009 og býður nám á listabraut, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Menntaskólinn í Kópavogi, Kvikmyndaskóli Íslands og þrjár einkaskólar sem kenna listdans. (sjá töflu 3).

## Samstarf framhaldsskóla og listaskóla

Hefð hefur skapast fyrir samstarfi framhaldsskóla og listaskóla í Reykjavík og má þar m.a. nefna samstarf Menntaskólans við Hamrahlíð og Verzlunarskóla Íslands við einkarekna listaskóla.

---

<sup>19</sup> Júlía Bjarney Björnsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, Sveinn Agnarsson og Hafdís Ingvarsdóttir (2014), bls. 26.

## Menntaskólinn við Hamrahlíð

Menntaskólinn í Hamrahlíð býður upp á tónlistarbraut og listdansbraut skv. nýrri námskrá sem innleidd var árið 2012. Nemendur stunda bóklegt og verklegt nám jöfnum höndum en tónlistar- og listdanskennsla fara fram utan skólans í viðurkenndum sérskólum. Haustið 2013 voru 53 nemendur innritaðir á listdansbraut og á sama tíma hófst nám á tónlistarbraut skv. nýrri námskrá.

## Myndlistaskólinn í Reykjavík og Kvinnaskólinn í Reykjavík

Myndlistaskólinn í Reykjavík og Kvinnaskólinn í Reykjavík hafa frá árinu 2011 boðið tveggja ára nám í sjónlistadeild við Myndlistaskólann sem lýkur með sérhæfðu stúdentsprófi frá listnámsbraut. Öllum nemendum á framhaldsskólastigi sem lokið hafa fyrsta ári í framhaldsskóla gefst kostur á þessu námi, og þeir geta þreytt inntökupróf í sjónlistadeildina.<sup>20</sup> Brautin hefur 30 nemendaígildi sem dreifast á sitt hvort árið svo að 15 nemendur eru teknir inn á sjónlistabrautina á hverju ári og jafnmargir í eins árs náms ætlað þeim sem lokið hafa stúdentsprófi.



<sup>20</sup> Námskrá Myndlistaskólans í Reykjavík:

[http://www.myndlistaskolinn.is/files/pdf\\_skjol/Drog%20ad%20endurskodadri%20namskra%20listnamsbraut%202011%20%285%29.pdf](http://www.myndlistaskolinn.is/files/pdf_skjol/Drog%20ad%20endurskodadri%20namskra%20listnamsbraut%202011%20%285%29.pdf)

## Menntaskóli listanna

Verkefnastjórn „Skóla og menntunar í fremstu röð“ fór þess á leit við Rannsóknamiðstöðvar skapandi greina í Háskóla Íslands að þar yrði tekin saman greining á fýsileika þess að setja á fót listmenntaskóla á framhaldsskólastigi á höfuðborgarsvæðinu. Umræða um slíkan skóla hefur staðið um árabíl en Hjálmar H. Ragnarsson fyrrverandi rektor Listaháskóla Íslands kynnti hugmyndina fyrst á opinberum vettvangi fyrir réttum áratug.<sup>21</sup> Hugmynd hans var stofnun sérstaks menntaskóla listanna sem væri sjálfstæð stofnun undir stjórn listamanna og sérfræðinga í listmenntun. Skólinn hefði það hlutverk að veita nemendum á framhaldsskólastigi menntun í sviðslistum, tónlist og sjónlistum, jafnframt því að veita þeim almenna fræðslu í bóklegum greinum til stúdentsprófs. Helstu kostirnir við slíkan menntaskóla listanna yrðu að í slíkum skóla ættu nemendur sér samfélag þar sem listirnar hefðu forgang og þar sem þeir gætu unnið saman þvert yfir mörkin sem sérhæfing listgreina setur.

Menntaskóli listanna hefði á að skipa sérhæfðum kennurum og starfandi listafólki. Þá má ætla að með samstilltu átaki gætu nemendur sameinast um flutning stærri verka og sett upp viðamiklar sýningar sem krefjast sérhæfðrar aðstöðu og mikils tæknibúnaðar. Umfram allt yrði menntaskóli listanna uppeldis- og þroskastöð fyrir skapandi fólk, vettvangur þar sem í samfélagi ólíkra lista yrði tekist á við verkefni sem krefðust útsjónarsemi, frumleika og tæknilegrar færni. Menntaskóli listanna yrði eftirsóttur skóli að mati forvígismanna hugmyndarinnar, sá skóli í landinu þar sem ungt fólk sæi fyrir sér að það gæti skapað sinn eigin kúltúr og undirbúið sig fyrir áhugaverð störf.<sup>22</sup>

Á árunum 2007-2008 unnu Sölvi Sveinsson, fyrrverandi skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, og Elfa Hrönn Guðmundsdóttir, skýrslu og rekstraráætlun um Listmenntaskóla Íslands.<sup>23</sup> Skýrslan er ekki opin almenningi, en hugmyndin er reifuð í umsögn höfunda hennar við frumvarp til laga um

---

<sup>21</sup> Sjá til dæmis grein í Morgunblaðinu 31. október 2005: *Menntaskóli listanna. Um framtíð listmenntunar á framhaldsskólastigi.*

<sup>22</sup> Anne Bamford (2011) bls. 123.

<sup>23</sup> Beiðni um aðgang að skýrslu var hafnað af mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna þess að skýrslan geymir upplýsingar er varða viðskiptalega hagsmuni. Viðskiptaráð geymir skýrsluna.

framhaldsskóla, sem varð að lögum 2008.<sup>24</sup> Þar kemur fram að Listmenntaskóli Íslands hafi verið skipulagður sem þriggja ára skóli til stúdentsprófs fyrir þá sem það vilja með möguleika á að taka námið á fjórum árum til samræmis við þann sveigjanleika sem boðaður var í frumvarpinu um framhaldsskóla sem varð að lögum í júní 2008.<sup>25</sup> Markmið Listmenntaskólans sé að auka framboð á listmenntun og stuðla að skapandi hugsun. Í skipulagi hins væntanlega skóla sé nýtt ákvæði frumvarpsins um svokallað fagskólanám, "...stuttar hnitmiðaðar námsbrautir í framhaldi af stúdentsprófi sem leiða nemendur beint í þjóðþrífastörf eða til frekara náms."<sup>26</sup>

Námsframboð Listmenntaskólans átti að vera til samræmis við ákvæði væntanlegra framhaldsskólalaga um fjölbreyttara námsframboð í framhaldsskólum og fela í sér nám í listum sem ekki væri í boði í öðrum skólum. Þess var sérstaklega getið að nýtt einingaviðmið sem fæli í sér fráhrarf frá kennsluviðmiðun yfir í vinnuframlag nemenda sem boðað var í frumvarpinu, myndi hafa jákvæð áhrif á hinn nýja listmenntaskóla. Tónlistarnám var nefnt sem dæmi um nám sem krefðist mikillar þjálfunar og undirbúnings utan kennslustunda og með breyttu fyrirkomulagi væri hægt að meta slíkt vinnuframlag á sanngjarnan og eðlilegan hátt.<sup>27</sup>

Hér fara á eftir helstu niðurstöður fýsileikagreiningar um listmenntaskóla á framhaldsskólastigi.

## **Fýsileikagreining um listmenntaskóla á framhaldsskólastigi**

Markmið úttektarinnar var að skoða fýsileika þess að stofna framhaldsskóla í skapandi greinum. Það var gert út frá þremur meginþáttum; aðstæðum skapandi greina, efnahagslegum forsendum og kennslufræðilegum. Greining á efnahagslegum forsendum reyndist erfiðari en áætlað var í upphafi en aðgangur að gögnum reyndist takmarkaður. Rýnihópar og viðtöl voru notuð til að greina aðstæður og viðhorf í skapandi greinum til listnáms á framhaldsskólastigi. Rýnihópar og viðtöl liggja jafnframt til grundvallar

<sup>24</sup> Umsögn um frumvarp: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1049>

<sup>25</sup> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

<sup>26</sup> Umsögn um frumvarp: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1049>

<sup>27</sup> Sjá: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1049>

kennslufræðilegri umfjöllun auk þess sem þar er gerð grein fyrir fræðilegri umfjöllun um viðfangsefnið.

### **Kennslufræðilegt yfirlit**

Litlar rannsóknir liggja fyrir um hvað hefur áhrif á val nemenda á framhaldsskólum. Nýleg meistararitgerð í náms- og starfsráðgjöf fjallar um mat á vali nemenda á framhaldsskólum.<sup>28</sup> Lagður var spurningalisti fyrir 272 nemendur á höfuðborgarsvæðinu. Meginniðurstöður voru að þrátt fyrir að 51% nemenda hefðu áhuga á verklegu námi völdu 70% bóklegt nám. Ennfremur kom fram að upplýsingar um skólana fengju þeir frá ættingjum, foreldrum og svo náms- og starfsráðgjöfum. Skipulegar skólakynningar skiptu máli og mikilvægt að kynna félagslífið. Einnig kom fram að stór hluti hefur ekki ákveðið hvað hann hyggst gera að námi loknu. Í annarri meistararitgerð sem skoðaði val eftir landshlutum kom fram að mikilvægt væri að kynna betur námsframboð og að nemendur fengju meiri upplýsingar frá foreldrum en skólunum.<sup>29</sup> Einnig þarf að huga að mikilvægi skólafélaga og áhrifa þeirra á þessum árum.

Rannsóknir á brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi hafa sýnt að brotthvarf er almennt meira úr þeim greinum sem ekki flokkast sem hefðbundið bóknám. Í samræmi við erlendar rannsóknir er línulegt samband á milli námsárangurs og þess að ljúka stúdentsprófi af bóknámsbraut, en ekki um líkur á því að ljúka verknámi fyrir 24 ára aldur. Rannsakendur benda þó á að þegar brotthvarf á Íslandi er skoðað þurfi að taka tillit til stöðu á vinnumarkaði, en sterk hefð er fyrir því að nemendur vinni með skóla á Íslandi og getur staða á vinnumarkaði því haft áhrif á brotthvarf.<sup>30</sup>

Í ljósi sterkrar stöðu bóknáms í íslensku samfélagi er þess virði að skoða þá hugmynd að leggja sérstaka áherslu á listkennslu og kennslu í gegnum listir. Sú áhersla væri í samræmi við niðurstöður skýrslu Anne Bamford, sem nefndi meðal annars hversu mikið misræmi væri milli þess hve listir væru vítt skilgreindar á Íslandi og þess hve þröngt þær væru skilgreindar í menntakerfinu.

---

<sup>28</sup> Svanhildur Svavarsdóttir (2010).

<sup>29</sup> Olga Sveinbjörnsdóttir (2012).

<sup>30</sup> Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og A.-C. Tannahäuser (2010).

Rannsóknir virðast gefa til kynna að listnám skili jákvæðum áhrifum í námslegum og samfélagslegum skilningi<sup>31</sup> og það að læra í gegnum listir geti leitt til meiri vitsmunahæfni sem skili jákvæðum niðurstöðum í námi almennt.<sup>32</sup> Þá hafa rannsóknir á starfi í grunnskólum sýnt fram á að tenging við listir hefur skilað örlítið (en tölfræðilega marktækt) betri námsárangri en nám sem ekki er tengt listum.<sup>33</sup> Rannsakendur töldu að þessi munur stafaði fyrst og fremst af betri virkni nemenda (engagement). Rannsóknir á langtímaminni benda þó einnig til þess að það að taka listir inn í kennslu í grunnskóla leiði til þess að nemendur muni námsefni betur yfir lengri tíma (long-term memory).<sup>34</sup> Þátttaka í listum virðist einnig sérstaklega jákvæð fyrir nemendur sem eru í áhættuhópum.<sup>3536</sup> Þetta er í samræmi við niðurstöður úr mati á starfi sjónlistardeildar Myndlistaskólans í Reykjavík. Þar eru kjarnagreinarnar skilgreindar samkvæmt Aðalnámskrá stærðfræði, íslenska og enska, og samþættar sjónlistagreinum. Þar kom fram að margir þeirra sem áttu að baki erfiða og árangurslitla skólagöngu tóku miklum framförum og dæmi voru um nemendur sem höfðu skilað þremur gömlum einingum eftir heilan vetur í framhaldsskóla en skiluðu öllum tilskyldum einingum, samtals 35 feiningum<sup>37</sup>, í sjónlistadeild.<sup>38</sup>

Þessar rannsóknir benda til þess að víðari skilgreining á listkennslu, meðal annars með námi í gegnum listir gæti dregið úr brotthvarfi vissra hópa í skólakerfinu.

## Námsframvinda og brotthvarf

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hófu 575 nemendur nám í listum í framhaldsskólum landsins haustið 2000. Svo sem fram kemur í töflu 1, höfðu tæp 46% nemenda útskrifast eftir fjögur ár, 53% eftir sex ár og ríflega 55% eftir sjö ár. Árið 2005 höfðu hins vegar nokkuð færri lokið listnámi eftir fjögur, sex og sjö ár. Hlutfallslega fleiri listnámsnemendur sem hófu nám árið 2000 höfðu útskrifast eftir fjögur ár en þeir sem lögðu stund á almennt bóknám eða verk-

<sup>31</sup> Harland et al (2000).

<sup>32</sup> Burton, Horowitz, & Abeles (2000).

<sup>33</sup> Smithrim & Upitis (2005).

<sup>34</sup> Rinne, Gregory, Yarmolinskaya, & Hardiman (2011).

<sup>35</sup> Anderson & Overy (2010).

<sup>36</sup> Catterall, Dumais, & Hapden-Thompson (2012).

<sup>37</sup> Feiningar = framhaldsskólaeiningar.

<sup>38</sup> Inga Þórey Jóhannsdóttir, 2012.

og starfsnám, en hlutfallslega færri listnámsnemendur lokið námi eftir sex og sjö ár. Af þeim nemendum sem hófu listnám árið 2003 höfðu aftur á móti mun færri lokið námi á öllum þeim tímabilum sem hér eru til skoðunar. Sérstaklega er munurinn mikill eftir sjö ár. Þá höfðu ríflega 52% listnámsnemenda útskrifast en 10 prósentustigum fleiri nemendur í almennu bóknámi og sjö prósentustigum fleiri nemendur í verk- og starfsnámi.

**Tafla 4** Fjöldi skráðra nemenda í listnám, almennt bóknám og verk- og starfsnám árin 2000 og 2003 og hlutfall þeirra sem lokið hafði lokið námi eftir fjögur, sex og sjö ár.

	Listnám		Almennt bóknám		Verk- og starfsnám	
	2000	2003	2000	2003	2000	2003
Nýskráning, fjöldi	575	780	3023	3141	1113	1187
Útskrifaðir eftir 4 ár, %	45,9	41,4	43,2	43,6	42,9	45,5
Útskrifaðir eftir 6 ár, %	52,9	50,8	58,7	58,7	54,6	57,0
Útskrifaðir eftir 7 ár, %	55,3	52,3	61,5	62,4	58,7	59,6

Í töflu 5 er brotthvarf nemenda í listnámi borið saman við brotthvarf annarra nemenda. Svo sem sjá má er brotthvarfið ætíð verulega meira en í almennu bóknámi, en svipað hjá listnámsnemendum sem hófu nám árið 2000 og meðal nemenda í verk- og starfsnámi. Hins vegar er brotthvarf í listnámi töluvert meira hjá nemendum sem hófu nám árið 2003 en hjá nemendum í verk- og starfsnámi.

**Tafla 5** Fjöldi skráðra nemenda í listnám, almennt bóknám og verk- og starfsnám árin 2000 og 2003 og hlutfall þeirra sem hafði hætt námi eftir fjögur, sex og sjö ár.

	Listnám		Almennt bóknám		Verk- og starfsnám	
	2000	2003	2000	2003	2000	2003
Nýskráning, fjöldi	575	780	3023	3141	1113	1187
Brottfall eftir 4 ár, %	32,7	35,3	27,1	28,4	32,1	32,7
Brottfall eftir 6 ár, %	34,4	34,4	28,4	26,6	32,7	32,1
Brottfall eftir 7 ár, %	32,7	35,4	28,0	27,9	32,5	29,8

Enda þótt samanburður byggður á tveimur árgöngum segi e.t.v. takmarkaða sögu, virðist eigi að síður sem listnámsnemendur skili sér seinna í gegnum

framhaldsskóla en aðrir nemendur. Munurinn er þó tiltölulega lítill í fyrstu en fer síðan vaxandi. Brottfall er meira meðal listnemenda en nemenda í almennu bóknámi og verk- og starfsnámi. Þá voru hlutfallslega fleiri listnámsnemendur enn við nám eftir sjö ár en nemendur í annars konar námi. Þessi samanburður gefur því ekki til kynna að fjölgun nemenda í listnámi ein og sér myndi draga úr brotthvarfi og hraða nemendum í gegnum núverandi framhaldsskólakerfi. Mikilvægt er að rannsaka betur inntak og skipulag listnáms og bera saman við væntingar nemenda til að grafast fyrir um ástæður þess að brotthvarf virðist vera meira þar en úr almennu bóknámi.

Í könnun Ingibjargar Kristinsdóttur (2009) á nemendum sem útskrifuðust úr Listaháskóla Íslands árin 2003 og 2006 er m.a. kannað hvaða laun nemendur höfðu árið 2008.<sup>39</sup> Í ljós kom að 64% nemenda voru þá með minna en 300 þúsund kr. í laun á mánuði og aðeins 11% með hærri laun en 400 þúsund kr. á mánuði. Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands var miðgildi reglulegra launa fyrir fullvinnandi einstakling þá um 278 þúsund kr. á almennum vinnumarkaði en um 290 þúsund kr. hjá hinu opinbera. Miðgildi heildarlauna fullvinnandi einstaklings var þá 375 þúsund kr. á almennum vinnumarkaði en 360 þúsund kr. á opinberum markaði. Miðað við þetta virðast laun fólks sem lauk námi í Listaháskóla Íslands síst vera hærri en launþega almennt.

## Niðurstöður rýnihópa

Umræður í rýnihópum rímuðu vel við fræðilega umfjöllun um listnám og nám í gegnum listir. Almenn virtist þekking á því sem í boði var á sviði listmenntunar á framhaldsskólastigi þó vera gloppótt.

Í umræðum um framhaldsskóla kom samstarf Myndlistaskólans í Reykjavík og Kvennaskólans, sem og starf Fjölbrautaskólans í Breiðholti fyrst upp. En auk þeirra tveggja voru Borgarholtsskóli og tónlistar- og listdansbrautir Menntaskólans við Hamrahlíð nefndar.

Það var skoðun þeirra sem þátt tóku í rýnihópum að töluvert vantaði upp á sérhæfingu fyrir skapandi greinar. Núverandi kerfi var talið bjóða upp á ákveðna sérhæfingu og voru Borgarholtsskóli, Verzlunarskóli Íslands, Menntaskólinn í Reykjavík og Tækniskólinn nefndir sérstaklega í því samhengi.

---

<sup>39</sup> Ingibjörg Kristinsdóttir. 2009. *Framhaldslíf eftir Listaháskóla Íslands. Útskriftarhópur 2003 og 2006.*

En þegar kæmi að skapandi störfum þótti núverandi kerfi ekki standa undir væntingum.

Ég held að þetta sé svoldið vandamál með marga sem eru í skapandi störfum að þeir eru að bögglast í menntaskóla eða einhvers staðar þar sem þeir hafa engan áhuga á, sjá engan tilgang með, til þess að fara að gera það sem þau langar til að gera.

Þó að margir viðmælendur hefðu farið hefðbundnu leiðina í gegnum framhaldsskóla og útskrifast með stúdentspróf í bóklegum greinum voru líka margir sem höfðu ekki fundið sig í framhaldsskólakerfinu og farið á milli skóla og fagleiða áður en þeir fundu leið sem hentaði þeim til að klára stúdentspróf. Hópurinn virtist því telja hátt brotthvarf, að minnsta kosti að hluta til, stafa af því hversu erfitt væri að finna vettvang þar sem nemendur næðu að finna sig í sköpun og ljúka þeim einingum sem til þyrfti til að ljúka stúdentsprófi.

Einn af þessum nemendum hafði loks fundið sinn farveg á listnámsbraut í MH og lýsti því með eftirfarandi orðum:

Það eru ekkert lausnir fyrir alla, en ég var rosalega ánægð með að það var algjörlega komið til móts við mig og ég fékk að klára þetta á þann hátt sem hentaði best.

Hér sést að þó að þessi leið hentaði viðkomandi vel, þótti ekki augljóst að þessi leið hentaði öðrum, hugsanlega þar sem námið er fremur einstaklingsmiðað og þarf nemandinn sjálfur í samráði við skólana tvo, MH og Listdanskólann að setja saman einingar sem uppfylla kröfur til stúdentsprófs. Leiðin í gegnum framhaldsskóla virðist því ekki vera jafn bein og fyrir nemendur sem velja bóknámsleiðina, þar sem hægt er að fylgja fjöldanum.

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum kom jafnframt óbeint upp í umræðum um umsækjendur í listnámi. Kennari við Listaháskólann lýsti þeirri reynslu að tala ár eftir ár við hæfileikaríka umsækjendur sem vantaði mjög lítið upp á skyldunám til að ljúka stúdentsprófi:

Svo er það bara svo að ef við höfum tekið fólk sem stendur svona [vantar einingar upp á stúdentspróf] inni skólann þá kemur oftast en ekki í ljós að það er vel hægt að kenna þeim þetta, en við [Listaháskólinn] eigum bara ekki að þurfa að gera það.

Fleiri viðmælendur höfðu reynslu af því að kenna í Listaháskólanum eða fara yfir umsóknir og töldu þeir að þessi vandi, að hæfileikaríkir umsækjendur hefðu ekki stúdentspróf væri minna áberandi hvað varðar sjónlistir (myndlist og hönnun) m.a. fyrir tilstilli Myndlistaskólans í Reykjavík og þeirra áhersla sem þar væri beitt.

Samþætting sérhæfingar í listnámi og framhaldsskólanámi getur verið erfið á unglingsárum, þegar einstaklingur sem til að mynda hefur stundað tónlistarnám er mun lengra kominn í tónlist en í bóklegum fögum.

Það er þessi tímalína, það sem er erfitt við tónlistina [...] en tónlistarfólk er orðið miklu flinkara miklu fyrr þegar það er að læra tónlist. Og útaf grunnnáminu, af því það fer í svona grunnám eins og hjá tónmenntaskólanum, sem er bara frábært, og er bara komið langt á undan jafnöldrum sínum í sínu fagi þegar það er 18 ára. Það gæti svo auðveldlega farið inní háskóla.

Viðhorfið hér er þannig að sérhæfingu vanti í skólakerfið, þó að kennsla með formerkjum listanna henti ekki öllum töldu viðmælendur að sérhæfing á sviði lista myndi leysa vanda þeirra sem hafa hæfileika á sviði lista en finna sig ekki í hefðbundnu bóknámi.

### **Aðferðafræði listanna í skólakerfinu**

Það kom skýrt fram í umræðum rýnihópa að það sem viðmælendur kölluðu „aðferðafræði listanna“ gæti gert nám áhugaverðara og heildstæðara á öllum stigum skólakerfisins. Með því að beita aðferðafræði listanna og tengja listgreinar öðrum hefðbundnum bóknámsfögum töldu viðmælendur að meiri dýpt fengist í námið.

Af hverju er ekki í samhengi, það er til dæmis ótrúlega skemmtilegt að læra stærðfræði í samhengi hönnunar. Það er hægt að læra að reikna og búa hluti til jafnharðan.

Aðaláherslan í umræðum um aðferðafræði listanna var þannig á huglæga þætti, svo sem samþættingu og tengingar í hugsun. Kallað var eftir hugmyndasögu í námi á öllum stigum þar sem áhersla væri lögð á að eitt hefði áhrif á annað og hvernig listir og stjórnsmál fléttast saman í mannkynssögunni.

Þetta þarf nú ekki alltaf að snúast um kennslu í svona *hands on* dóti. Það væri líka hægt að skoða það hvernig hægt væri að kenna einhvers konar sögukennslu lista- og menningar inní grunnskólana.

Í þessu samhengi töldu viðmælendur að þeir einstaklingar sem alist hefðu upp erlendis stæðu betur að vígi en hinir sem aðeins hefðu alið manninn í íslensku umhverfi:

Maður sér þetta vel þegar það koma nemendur erlendis frá í framhaldsskóla eða Listaháskólann sem að hafa búið erlendis, íslenskir, tala íslensku, en eru með fjölskyldum sínum erlendis á mótunartíma.

[Þeir]hafa alist upp í umhverfi þar sem þú getur tekið eitthvað inn, [...] hafa [haft] stílbreytingar og hugmyndasögu í kringum sig.

Sú skoðun kom jafnframt fram að þekking á listum og aðferðafræði listanna nái ekki eingöngu til þeirra sem ætla að starfa í skapandi greinum í framtíðinni, heldur sé hún ekki síður mikilvæg þeim sem í framtíðinni njóta þeirra:

Ef að myndlistarsaga væri eðlilegur hluti af öðrum greinum í grunnskóla og framhaldsskóla þá myndum við ekki lenda í þessum vandræðalegu uppákomum til dæmis í dagblöðum þegar það er verið að fjalla um, þá sjaldan, myndlist, að þá er verið að fjalla um eitthvað mjög lítilmótlegt við hliðina á vandaðri list og það haft að jöfnu.

Hugmyndafræðin hér er því að læra í gegnum listina, frekar en listnám eitt og sér, sem rímar við fyrirnefnda aðgreiningu Anne Bamford (2011).

## Val á framhaldsskóla

Í rýnihópaviðtölum komu fram ýmis sjónarmið fyrir vali á framhaldsskóla, sem ríma við niðurstöður kennslufræðirannsókna. Foreldrar virðast hafa mikil áhrif á val nemenda. Í rýnihópunum kom fram að *gömlu skólarnir* eru oft í miklum metum hjá foreldrum og þá gjarnan þeir skólar sem foreldrarnir sjálfir sóttu. Við spurningunni um hvort þeir sem farið höfðu bóknaðsleiðina hefðu íhugað að velja listnám á framhaldsskólastigi svaraði einn viðmælandi því til að foreldrar hans hefðu ekki tekið það í mál:

Af því að þá var ég að sóa háu meðalskori á samræmdu prófunum, að fara bara í einhvern fjölbrautaskóla. Þannig að valið var þrengt hjá mér.

Við val á framhaldsskóla skiptu aðstæður eins og búseta máli, og höfðu til dæmis þannig áhrif á val aðila sem einnig hafði íhugað listnám:

Ég valdi til dæmis bara framhaldsskóla út frá því hvað var styst heiman frá mér. Ég bjó í miðbænum og ég sá ekki fyrir mér að fara uppí Breiðholt



í fjölbrautaskóla, en ég vildi fá stúdentspróf til að geta sótt um uppí Listaháskóla.

Hjá þeim yngri virtist félagslífið hafa mikil áhrif í vali á skóla og nokkrir viðurkenndu að hafa valið skóla eingöngu út frá kynningu á félagslífi:

Ég valdi Verzló bara útaf söngleikjunum, mér fannst námið alveg glatað og gerði allt sem ég gat til að taka sem minnst af stærðfræði og allt svoleiðis, en ég valdi það einmitt bara af því að þau voru með einhverja sjúklega fína kynningu á félagslífi og söngleikjum.

Annar viðmælandi tók í sama streng:

Ég var í Verzló því ég ætlaði að vera leikkona. Svo hætti ég við[að verða leikkona]. Það var svoldið svona út úr karakter [að vera í Verzló] en ég kláraði það.

Verzlunarskólinn var þó ekki eini skólinn sem laðaði nemendum að út frá félagslífi. Stúdent frá MH sagðist hafa valið þann skóla vegna frímínútnanna og félagsskaparins, en ekki innihalds námsins.

Bæði getur þroski nemenda á þeim árum sem þeir þurfa að velja svo og oft takmarkaðar upplýsingar ráðið því að nemendur velja ekki nám sem hentar þeim og voru viðmælendur meðvitaðir um það:

En í alvöru talað þegar þú ert 16 ára og týndur og það er þarna einhver skóli sem býður uppá alls konar list, fullt af alls konar, það myndu svo margir leita í það.

Í rýnihópum skapaðist umræða um það að stunda listsköpun eða listnám meðfram framhaldsskóla, og komu upp mörg dæmi þess að þeir sem farið höfðu bóknámsleiðina til stúdentsprófs höfðu dottið út úr listsköpun:

Ég reyndar var í tónlistarskóla þegar ég var yngri. Svo var ég svoldið seinn að kveikja á perunni, fór á einhverja gelgju og hætti og var í því öllu, og mig minnir að þegar ég byrjaði aftur í tónlistarskóla hafi ég verið kannski orðinn 18 og búinn að vera aðeins í framhaldsskóla.

Þetta átti ekki eingöngu við um tónlist, heldur sögðust viðmælendur einnig hafa hætt að teikna á þessu tímabili. Það voru þó ekki allir sem höfðu þó dottið út úr listinni á menntaskólaárunum og eitt dæmi kom upp þar sem nemandi sagðist hafa „flúið“ inn í tónlistina til að lifa menntaskólann af.

Ómögulegt er að alhæfa út frá rýnihópum, en hugsanlegt er að brottfall úr listnámi á framhaldsskólastigi verði vegna þess að samþætting listnáms í gegnum sérskóla er ekki eins mikil á framhaldsskólastigi og í grunnskóla. Í skýrslu Anne Bamford kemur fram að aðsókn í tónlistarskóla minnkar hlutfallslega á unglingsárunum og að kanna þurfi hvaða áhrif námskostnaður í tónlistarnámi hefur í þessu. Áhyggjur vegna minnkandi kennslu í tónmennt á grunnskólastigi og mikils og síaukins kostnaðar við að senda börn í tónlistarskóla var áberandi meðal viðmælenda og rýnihópa og óttuðust margir að til dæmis sá árangur sem Íslendingar hafa náð í tónlist vari ekki lengi ef sú þróun héldi áfram. Einn viðmælandi komst svo að orði:

Við verðum ekki með Airwaves eftir 30 ár. Það verður bara búið. Í alvöru, við erum með Airwaves útaf þessu [tónlistarskólakerfinu].

## Fýsileiki menntaskóla skapandi greina

Markmið þessa verkefnis var að meta fýsileika þess að stofna sérstakan menntaskóla skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu og bera saman við það listnám sem þegar er til staðar á framhaldsskólastiginu. Hér verða settar fram þrjár leiðir sem færar eru: að vinna áfram með kerfið eins og það er, stofnun nýs framhaldsskóla í skapandi greinum, eða að fara blandaða leið – regnhlífarleið með samvinnu bóknámsskóla og sérhæfðra listgreinaskóla.

## Óbreytt kerfi

Tilteknir framhaldsskólar eiga sér langa sögu í listkennslu á framhaldsskólastigi. FB á sér langa sögu í listkennslu í myndlist og handíð, MH býður upp á listnámsbrautir í samstarfi við sérskóla í tónlist og dansi. Iðnskólinn og Tækniskólinn veita nám í hönnunargreinum í víðum skilningi. Þá eru í boði almennar listabrautir, eins og FG og FMOS bjóða upp á. Einkaskólar, með skólagjöldum, sinna síðan ákveðnum greinum eins og Kvikmyndaskóli Íslands, Ljósmyndaskólinn, Myndlistaskóli Reykjavíkur, tónlistarskólar og dansskólar.

Samfélagsleg atriði:

- Þetta kerfi hefur þegar unnið sér inn vissan sess, og skólarnir hafa flestir haft tíma til að byggja upp ímynd sína. Það loðir sterkt við framhaldsskólakerfið að áherslan hefur verið á bóknám.

- Áhersla foreldra á gömlu skólana virðist enn standa í vegi fyrir því að nemendur velji listabrautir í framhaldsskóla.

Kennslufræðileg atriði:

- Kennsla innan núverandi kerfis fer fram innan skóla sem einnig bjóða upp á bóknám. Nemendur sem sækja nám í skapandi greinum þurfa því ekki að yfirgefa vinnuhópinn til að stunda nám í listum.
- Nám í gegnum listir er kennslufræðilega mikilvægt í því að minnka brottfall nemenda í listnámi, en listgreinar innan bóknámsskóla bjóða ekki endilega upp á þann möguleika.
- Í núverandi kerfi er skipulag listnáms á framhaldsskólastigi flókið og fellur til að mynda undir mismunandi námskrár. Nemendur þurfa oft að finna sjálfir leiðir til þess að stunda nám á því sviði sem þeir hafa áhuga á innan kerfisins.

Efnahagsleg atriði:

- Kostnaður við að viðhalda núverandi kerfi er minni en við að byggja upp nýjan skóla, sem nýtur trausts samfélagsins og þá sérstaklega foreldra.
- Brottfall er þó mikið úr námi í skapandi greinum og einstaklingar lengi í skólakerfinu áður en þeir ljúka námi eða hætta alveg. Það hefur kostnað í för með sér fyrir samfélagið.

## **Framhaldsskóli skapandi greina**

Ef stofnaður yrði sérstakur skóli skapandi greina væri forsenda fyrir því að allar listgreinar, öll kjörsviðin samkvæmt nýrri námskrá, yrðu kennd í einum og sama framhaldsskóla. Umræða um sérstakan skóla skapandi greina vakti misjöfn viðbrögð í rýnihópum eftir aldri viðmælenda og voru yngri viðmælendur almennt jákvæðari.

Hugmyndin um framhaldsskóla skapandi greina kveikti alltaf umræður í rýnihópum um aðferðafræði lista og aðra kennslufræðilega nálgun. Þá sáu viðmælendur mikla möguleika í því að samþætta nám í fleiri en einni listgrein

undir sama þaki, en með slíkri uppbyggingu mætti byggja enn frekar á þeim styrkleika sem að mörgu leyti felst í smæð landsins.<sup>40</sup>

Eins og fram hefur komið virðist samfélagslegur stuðningur þó fyrst og fremst vera við hefðbundið bóknám. Hugmyndin um sérstakan skóla skapandi greina þótti því áhugaverð, en fátt í umræðum rýnihópa bendir til að slíkur skóli þætti raunverulega fýsilegur kostur í núverandi efnahags- og samfélagsástandi.

Samfélagsleg atriði:

- Samlegðaráhrif þess að kenna saman fleiri en eina grein innan skapandi greina gætu orðið mikil. Með því að tengja saman nemendur sem stunda nám í tónlist, dansi, leiklist og kvikmyndagerð strax í menntaskóla gæti það orðið frjór vettvangur nýsköpunar þegar einstaklingar úr hópnum fara út á vinnumarkaðinn.
- Áherslan á bóknámsskóla er mikil og áhrif foreldra á þá leið að óvíst er að nemendur hefðu stuðning við að sækja um í nýjum skóla skapandi greina.

Kennslufræðileg atriði:

- Með því að kenna almenn fög með aðferðum listgreina er hugsanlegt að nemendur sem annars myndu eiga erfitt uppdráttar í bóknámskerfinu næðu að fóta sig og ljúka stúdentsprófi með sóma. Tilkoma listmenntaskóla á framhaldsskólastigi gæti því í fyllingu tímans dregið úr brotthvarfi nemenda.
- Með því að kenna fleiri en eina listgrein saman binda nemendur sig ekki strax við eina tiltekna listgrein, en nemendum getur reynst erfitt að ákveða við upphaf framhaldsskólanáms hvar þeir vilja helst bera niður í sköpun.
- Með sérstökum skóla skapandi greina verða upplýsingar um listnám skýrari og aðgengilegri. Það gæti dregið úr því að nemendur velkist um í kerfinu áður en þeir finna námsleið sem hentar þeim og þeir geti lokið. Þannig verður til ein einföld leið í gegnum kerfið sem einnig gæti leitt til minna brotthvarfs.

<sup>40</sup> Niðurstöður verkefnis um vaxtarmöguleika skapandi greina í verkefnaflokknum Vaxtarsamningur höfuðborgarsvæðisins innan Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2013 fyrir SSH, benda til þess að jafnt tækifæri sem ógnanir felst í smæðinni.

Efnahagsleg atriði:

- Það er dýrt að byggja upp nýjan skóla sem óvíst er að njóti stuðnings í samfélagi sem er mjög bóknámsmiðað.
- Kostnaður vegna brotthvarfs gæti þó minnkað með breyttum kennslufræðilegum áherslum.

## Samstarf bóknámsskóla og sérskóla í listum

Þriðja leiðin væri að auka og stuðla að markvissara samstarfi sérskóla í listum og framhaldsskóla í bóknámi, með nokkurs konar regnhlífaruppsetningu. Slíkt samstarf er ekki nýtt af nálinni. Í listgreinavali skóla sem bjóða upp á listabrautir er oftast en ekki um samstarf við viðurkennda sérskóla í listgreinum að ræða. Í rýnihópunum vakti hið nýja samstarf Myndlistaskólans og Kvennaskólans mesta athygli og þótti jákvætt skref í framboði á listnámi og sérhæfingu. Þetta átti sérstaklega, en alls ekki eingöngu, við um viðhorf þeirra viðmælenda sem hafa reynslu af því að kenna í Listaháskóla Íslands (LHÍ).

Þau koma bara ofsalega vel undirbúin í hönnun og teikningu og allt sem þau þurfa. Við finnum mun strax. Fólk sem ekki er með gráðurnar eða einingar sem til þarf, þeim fækkaði verulega.



Umræður í rýnihópum þessarar rannsóknar sýna að ljóst er að um mjög áhugaverða leið er að ræða í listnámi á framhaldsskólastigi. Þarna er ef til vill kominn vísir að leið, eins og bent er á í matinu, fyrir þá sem ekki hafa átt auðvelt uppdráttar innan skólakerfisins hingað til og finna þarna leið sem þeim þykir ákjósanleg.

Hugsanlegt væri að auka samstarf á milli sérskólanna í listum og gera þessa blönduðu leið þar með sýnilegri í framhaldsskólakerfinu. Með samstarfi sérskólanna og ef til vill samnýtingu á aðstöðu væri hægt að brúa bilið á milli áherslu á bóknám og sérhæfingar í listum byggt á sterkri ímynd bæði sérskóla og framhaldsskóla.

Samfélagsleg atriði:

- Sterk ímynd sérskóla í listum, sem og framhaldsskóla þar sem stúdentspróf er tekið í samstarfi, vegur upp á móti áherslu á bóknám.
- Með auknu samstarfi sérskóla í listum væri hægt að ná fram samlegðaráhrifum sem skapast geta á milli listanna.

- Kostnaður við nám í skapandi greinum með þessum hætti, með samstarfi sérskóla í listnámi og framhaldsskóla, verður þó alltaf meiri fyrir nemendur, þar sem sérskólar eru oftast en ekki háðir skólagjöldum.
- Það að styrkja stöðu listnáms á framhaldsskólastigi í gegnum samstarf sérskóla og framhaldsskóla lyftir umræðu um listnám á framhaldsstigi almennt.

#### Kennslufræðileg atriði:

- Með vel skilgreindu samstarfi sérskóla í listum og bóknámsskólum er mögulegt að byggja á styrkleika beggja kerfa, kenna almennt bóknám í gegnum listir, en njóta um leið þeirrar sterku ímyndar sem stúdentspróf af bóknámsbraut hefur.
- Vel skilgreint samstarf þar sem hluti náms fer fram í bóknámsframhaldsskólum getur jafnframt gert það að verkum að nemendur sem velja að stunda listnám þurfi ekki í öllum tilfellum að yfirgefa félag sína úr grunnskóla og geti fylgt þeim eftir að hluta.

#### Efnahagsleg atriði:

- Fjárfesting í uppbyggingu sérskóla í listum hefur þegar átt sér stað og með þessari leið er hægt að nýta hana á þann hátt að nemendur ljúki stúdentsprófi í samstarfi við bóknámsskóla.
- Kostnaður vegna brotthvarfs gæti jafnframt minnkað með breyttum kennslufræðilegum áherslum og skýrt skilgreindum leiðum til stúdentsprófs með listnámi.

Hér hefur tveimur nýjum líkönum um eflingu listakennslu á framhaldsskólastigi verið lýst, sérstökum listaframhaldsskóla og öflugum listabrautum, tengdum hefðbundum bóknámsskólum. Kennslufræðilega gætu bæði líkönin sem nefnd eru virkað. Hvort tveggja byggist þó á að bóklegar greinar verði kenndar með öðrum hætti en nú er algengast bæði hvað snertir efni og inntak. Í báðum tilfellum er afar mikilvægt að bóklegu greinarnar verði fléttaðar saman við og kenndar í tengslum við listir og sköpun. Það er mikilvægt til að efla námshvöt, að námið verði nemendum merkingarbært og að nemendur geti unnið út frá sínum hæfileikum, líka í bóklegum greinum.

Í ljósi þess sem við vitum um val nemenda og áhrif foreldra er síður ráðlegt að ráðast í uppbyggingu sérstaks framhaldsskóla í skapandi greinum. Það mælir líka á móti því að á þeim árum sem flestir nemendur eru í framhaldsskóla, eru þeir mjög háðir félögum og vilja fylgja straumnum. Þeir mundu því hugsanlega hika við að fara í slíkan sérskóla sextán ára.

## Niðurstaða verkefnastjórnar

Það er niðurstaða verkefnastjórnar að hún telur ekki raunhæft að stefna að stofnun nýs framhaldsskóla skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu á næstu misserum. Fjárveitingar til framhaldsskóla á Íslandi í dag eru lágar í alþjóðlegum samanburði og er framhaldsskólastigið þar nokkur eftirbátur annarra skólastiga ef litið er til fjárveitinga á hvern nemanda. Við þær aðstæður er skynsamlegra að styðja enn frekar við þá listfræðslu sem fyrir er í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og auka samþættingu almennra námsgreina við skapandi greinar.

Verkefnastjórnin vill þó áréttta að með bættum rekstrarskilyrðum framhaldsskólastigsins kann að skapast grundvöllur fyrir stofnun og rekstri listmenntaskóla á framhaldsskólastigi á næstu misserum.



Anderson, K., & Overy, K. (2010). *Engaging Scottish young offenders in education through music and art*. *International Journal of Community Music*, 3(1), 47–64. doi:10.1386/ijcm.3.1.47/1

Bamford, Anne (2011). *List og menningarfræðsla á Íslandi*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Blöndal, K. S., Jónasson, J., & Tannhäuser, A.-C. (2010). *Dropout in a Small Society: Is the Icelandic Case Somehow Different?* (pp. 233–251). Dordrecht: Springer Netherlands. doi:10.1007/978-90-481-9763-7\_13

Burton, J. M., Horowitz, R., & Abeles, H. (2000). *Learning in and through the arts: The question of transfer*. *Studies in Art Education*, 228–257.

Eurostat (2007). *Cultural Statistics*.

Félag íslenskra listdansara (2011). *Listdanskensla á Íslandi; Staða, umfang og framtíðarmöguleikar*.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (2012). *Ársskýrsla 2012*. Vefslóð: <http://www.fb.is/wp-content/uploads/2013/05/arsskyrsla-FB-2012.pdf>

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ (2012). *Ársskýrsla 2012*. Vefslóð: <http://www.fmos.is/skolinn/arsskyrslur/2012/>

Garðabær (2014). *List-, menningar- og verkgreinar. Samantekt*.

Hafnarfjarðarbær (2014). *Listgreinakensla í skólum Hafnarfjarðar*.

Hagstofa Íslands (2014). *Nemendur í listnámi á framhaldsskólastigi haustið 2012*. Gögn tekin saman að beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Hagstofa Íslands. (2013 og 2014). *Tölur um brottfall nemenda úr framhaldsskólum og skráða nemendur í listnám 2000 og 2003*. Gögn unnin að beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Hagstofa Íslands. *Tölur um skráða nemendur á framhaldsskólastigi og viðbótarstigi eftir skólum 2009–2011*. Af vef Hagstofu Íslands: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

Harland, J., Kinder, K., Lord, P., Stott, A., Schagen, I., Haynes, J., et al. (2000). *Arts Education in Secondary Schools: Effects and Effectiveness*. National Foundation for Educational Research. Vefslóð: <http://www.nfer.ac.uk/nfer/publications/EAJ01/EAJ01.pdf>

Hjálmar H. Ragnarsson (2005). *Menntaskóli listanna. Um framtíð listmenntunar á framhaldsskólastigi*. Reykjavík: Morgunblaðið 31. október 2005.

Inga Þórey Jóhannsdóttir (2012). *Myndlistaskólinn í Reykjavík. Mat á námi í sjónlistadeild*. Reykjavík: Myndlistaskólinn í Reykjavík.

Ingibjörg Kristinsdóttir (2009). *Framhaldslíf eftir Listaháskóla Íslands. Útskriftarhópur 2003 og 2006*.

Júlía Bjarney Björnsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, Sveinn Agnarsson og Hafdís Ingvarsdóttir (2014). *Nám í skapandi greinum á framhaldsskólastigi: Fýsileikagreining á listmenntaskóla*. Rannsóknamiðstöð skapandi greina. Skýrsla unnin að beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Katrín Gunnarsdóttir (2013) *Listdanskennsla á Íslandi*. Reykjavík: Félag íslenskra listdansara.

Kópavogsbær (2014). *Samantekt varðandi kennslu í list- og menningargreinum á vegum Kópavogsbæjar*. Unnið að beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Listaháskóli Íslands (2013). *Ársskýrsla Listaháskóla Íslands 2013*. Vefslóð:  
[http://lhi.is/media/filer\\_private/2013/11/07/arsskyrsla20122013vefur.pdf](http://lhi.is/media/filer_private/2013/11/07/arsskyrsla20122013vefur.pdf)

*Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996*. Vefslóð:  
<http://www.althingi.is/alttext/stjt/1996.080.html>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Vefslóð:  
<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola>

Mosfellsbær (2014). *Samantekt kennslu í list- og menningargreinum á vegum Mosfellsbæjar*.

Myndlistarskólinn í Reykjavík (2013). *Námskrá*. Vefslóð:  
[http://www.myndlistaskolinn.is/files/pdf\\_skjol/Drog%20ad%20endurskodadri%20namskra%20listnamsbraut%202011%20%285%29.pdf](http://www.myndlistaskolinn.is/files/pdf_skjol/Drog%20ad%20endurskodadri%20namskra%20listnamsbraut%202011%20%285%29.pdf)

Myndlistarskólinn í Reykjavík (2013). *Námsvísir sjónlistardeildar Myndlistaskólans í Reykjavík. 2013*. Vefslóð:  
[http://www.myndlistaskolinn.is/efni/namsvisir\\_sjonlistadeildar\\_1\\_og\\_2](http://www.myndlistaskolinn.is/efni/namsvisir_sjonlistadeildar_1_og_2)

Olga Sveinbjörnsdóttir. (2012). *Val 10. bekkinga á námsbrautum í framhaldsskóla. Val, viðhorf, væntingar nemenda í ljósi búsetu*. Vefslóð:  
<http://skemman.is/handle/1946/12786>

Reykjavíkurborg (2009). *Aukið samstarf leikskóla við listaskóla og menningarstofnanir*.

Reykjavíkurborg (2009). *Listgreinakennsla í grunnskólum Reykjavíkur*. Vefslóð:  
[http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola\\_og\\_fristundasvid/skyrslur/Listgreinafr\\_\\_sla\\_-\\_sk\\_rsla.pdf](http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola_og_fristundasvid/skyrslur/Listgreinafr__sla_-_sk_rsla.pdf)

Reykjavíkurborg (2014). *Samantekt varðandi kennslu, fræðslu, upplifun og þáttöku í list- og menningargreinum á vegum Reykjavíkurborgar*. Unnið að beiðni Samtaka

Rinne, L., Gregory, E., Yarmolinskaya, J., & Hardiman, M. (2011). *Why Arts Integration Improves Long-Term Retention of Content*. *Mind, Brain, and Education*, 5(2), 89–96.

Seltjarnarnesbær (2014). *Yfirlit yfir skipulag og tilhögun kennslu í list- og verkgreinum og öðrum skapandi greinum*. Unnið að beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Smithrim, K., & Upitis, R. (2005). *Learning Through the Arts: Lessons of Engagement*. *Canadian Journal of Education*, 28(1), 109–127.

Sölvi Sveinsson og Elva Hrönn Guðmundsdóttir (2008). *Umsögn um framvarp til laga um framhaldsskóla*. Vefslóð: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1049>

Svanhildur Svavarsdóttir (2010). *Á hverju byggja 10. bekkingar val sitt á framhaldsskólanámi?* Vefslóð: <http://skemman.is/handle/1946/4774>